# FRÉTTABLAÐIÐ

223. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 21. SEPTEMBER 2016




**Ekkert venjulegt tjald** Um þúsund þýskir starfsmenn tryggingarfélagsins Allianz mættu til veislu í þessu þúsund fermetra veislutjaldi í Skógarhólum á Þingvöllum. Umstangið í kring um veisluna var mikið. Ljós og hljóð voru í líkingu við stóra rokktónleika enda tróð Rimmugýgur upp. Þá var öll Harpa leigð undir ráðstefnu og fundi starfsmanna. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vilja ógilda rétt á vörumerkinu Iceland

**Breska matvöruverslunin Iceland hefur gert athugasemdir við að Íslandsstofa noti vörumerkið Inspired by Iceland í markaðssetningu. Til skoðunar er að leggja fram kröfu til þess að ógilda rétt matvöruverslunarkeðjunnar til þess að nota vörumerkið í ríkjum innan ESB.**

**DÓMSMÁL** Til greina kemur að höfða mál til þess að krefjast ógildingar á skráningu bresku matvöruverslanakeðjunnar Iceland á vörumerkinu Iceland í ríkjum innan Evrópusambandsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins skoða Íslandsstofa, utanríkisráðuneytið og Samtök atvinnulífsins möguleikann á að leggja fram slíka kröfu í samstarfi við Árnason faktor. Síðastnefndi aðilinn sérhæfir sig í ráðgjöf vegna vörumerkjaskráninga og hugverkaréttinda.

Nokkur ár eru liðin frá því að fyrst var farið að huga að málinu en þá dagaði það uppi. Nú er aftur farið að huga að málinu og nú er ráðgert að aðilar muni funda hinn 28. september næstkomandi til að taka ákvarðanir um næstu skref.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur Íslandsstofa skráð vörumerkið Inspired by Iceland víða erlendis. Almennt hefur það gengið vel. Þó hafa borist andmæli þegar verið er að skrá vörumerkið fyrir vöruflokka sem skarast við þá vöruflokka sem vörumerki verslanakeðjunnar Iceland er skráð fyrir.

Rúm ellefu ár eru liðin frá því að Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi formaður VG, gerði athugasemdir við það á Alþingi að fyrirtækið Iceland gerði nafn Íslands að vörumerki sínu.

> **Rúm ellefu ár eru frá því að Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi formaður VG, gerði athugasemdir við það á Alþingi að fyrirtækið Iceland gerði nafn Íslands að vörumerki sínu.**

Þá hafði Iceland sent inn umsókn um skráningu vörumerkisins hjá bresku einkaleyfastofunni og þeirri evrópsku. Steingrímur spurði Geir H. Haarde, þá starfandi utanríkisráðherra, hvernig hann ætlaði að bregðast við þessu. **– jhh**

## Áhrif H&M hér meiri en Costco

**VIÐSKIPTI** Innkoma fatakeðjunnar H&M mun hafa mun meiri áhrif á fatamarkað á Íslandi en innkoma Costco á smásölumarkaðinn.

Þetta er skoðun Jóns Björnssonar, forstjóra Festi, sem hefur víðtæka reynslu af smásölumarkaði.



Jón hefur skoðað áhrif innkomu þessara verslanakeðja á aðra markaði. Hann býst við að Costco taki fjögur prósent af markaði af mörgum en H&M meira. „Þessir aðilar eru ekki að opna búðir til að selja fyrir einn milljarð. Þeir ætla sér mun meira.“

**– hh** sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ólafar Arnarson skrifar um forgangsröðun og stöðugleika. 13

**SPORT** Stelpurnar okkar töpuðu en unnu samt riðilinn. 15



**LÍFIÐ** Angelina Joile og Brad Pitt eru að skilja að skiptum. 25

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Vaxandi norðaustanátt í dag og fer að rigna, allhvasst eða hvasst seinni partinn og mikil úrkoma á Suðausturlandi. Milt í veðri. **SJÁ SÍÐU 18**

# Kaldir pottar heitir



Rachelle Baxter og Heimir Bergmann nutu lífsins í kalda pottinum í Laugardalslauginni er ljósmyndara Fréttablaðsins bar að. Pottar með köldu vatni eru nú í flestum sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu. „Aðalteorían á bak við köldu böðin er að þau draga úr bólgumyndun. Það eru bæði plúsar og mínusar, en ef þetta er notað skynsamlega og rétt þá er þetta ábyggilega ágætt," segir Þórarinn Sveinsson, prófessor í lífeðlisfræði við HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.



**Borgaralaunin eru tilraunaverkefni sem standa á í tvö ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN

## Borgaralaun hvetji til vinnu

**FINNLAND** Tvö þúsund Finnar fá svokölluð borgaralaun á næsta ári. Um er að ræða skattfrjálsa greiðslu frá ríkinu upp á rúmar 1,2 milljónir íslenskra króna.

Nú eru nær 200 þúsund Finnar atvinnulausir eða nær 10 prósent þjóðarinnar. Dæmi eru um að þeir sem geta fengið hlutastarf eða tímabundið verkefni þiggi það ekki því þeim þyki það ekki borga sig. Þeir missi þá fullar atvinnuleysisbætur.

Borgaralaunin eru tilraunaverkefni sem standa á í tvö ár. Vonast er til að borgaralaunin verði vinnuhvetjandi. **– ibs**



**Þátttakendur í málþingi FKA ræddu hlut kvenna í fjölmiðlum.** MYND/ODD STEFAN

## Konur sjaldnar í fréttum

**SAMFÉLAG** Tæplega þriðji hver viðmælandi í fréttum á Íslandi er kvenkyns, alls um 32 prósent. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar Fjölmiðlavaktarinnar á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. Konur er 36 prósent viðmælenda í sjónvarps- og útvarpsþáttum.

Alls er hlutur kvenna um 33 prósent, þremur prósentustigum meira en á síðasta kannaða tímabili. Hlutfallið er hins vegar níu prósentustigum hærra en á heimsvísu. „Staðan eins og hún er núna er ekki ásættanleg," sagði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, á málþingi FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu, í gær.

Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins sagði fjölmiðla þurfa að leggja sitt af mörkum til að stuðla að breytingu. Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365, sagði hlutfallið umhugsunarvert. **– þea**




# Eitt þúsund frá Allianz í ofurtjaldi á Þingvöllum

**Um eitt þúsund þýskir starfsmenn tryggingarisans Allianz komu til Íslands í hvataferð. Öll Harpa var leigð undir fundi. Í gærkvöldi var veisla á Þingvöllum í eitt þúsund fermetra veislutjaldi er var sérstaklega slegið upp fyrir gleðskapinn.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Allianz fékk leyfi frá Þingvallagarði til að reisa þar í gær eitt þúsund fermetra veislutjald.

Þjóðgarðurinn vildi ekki gleðskapinn í þinghelginni sjálfri og var veislutjaldið, sem reyndar er glerjað að hluta, því reist í Skógarhólum, þar sem Landssamband hestamanna hefur rekið áningarstað. Tjaldið verður tekið niður í dag.

Mikil öryggisgæsla var við svæðið og var ljósmyndari Fréttablaðsins beðinn að halda sig á þjóðveginum er hann reyndi að nálgast tjaldið.

Umstangið í kringum veisluna var gríðarlegt og ljóst að ekkert var til sparað. Ljós, hljóð og annað var í líkingu við stóra rokktónleika. Víkingarnir úr Rimmugýgi voru fengnir til að vera með atriði og fór fjölmennur hópur til að skemmta þýsku tryggingasölumönnunum.

Tryggingafélagið tryggði að engar upplýsingar lækju út um heimsóknina því þeir íslensku starfsmenn sem komu að heimsókninni skrifuðu undir trúnaðaryfirlýsingu og máttu engu greina frá.

Samkvæmt upplýsingum frá alþjóðaskrifstofu Allianz kom um þúsund manna hópur frá Þýskalandi hingað til lands á mánudag og leigði alla Hörpu undir ráðstefnu og fundi. Í gær var ögn frjálsari tími og skoðuðu sumir miðbæ Reykjavíkur en aðrir lögðu land undir fót.

Í gærkvöldi var svo slegið í veisluklárinn á Þingvöllum. Hópurinn heldur af landi brott í dag. Kostnaðurinn lá ekki fyrir en ljóst er að hann hleypur á milljónum króna.

„Við erum á Íslandi til að tala um tryggingar. Við völdum Ísland því hér er mikið af fólki sem lét hugmynd verða að veruleika eftir hrun fjármálakerfisins og á nú arðbær fyrirtæki. Það er gott fyrir starfsfólk okkar að tala við þannig fólk," segir í svari Allianz.

**benediktboas@frettabladid.is**




**Tjaldið var flutt inn frá Þýskalandi en borðbúnaður, ljós, hljóðkerfi og annað var leigt á Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Við völdum Ísland því hér er mikið af fólki sem lét hugmynd verða að veruleika eftir hrun fjármálakerfisins.
>
> Úr svari Allianz til Fréttablaðsins

### Grunnkostnaður við að leigja Hörpu

| | |
|---|---|
| Eldborg | 1.250.000 kr. |
| Silfurberg | 397.500 kr. |
| Norðurljós | 314.500 kr. |
| Kaldalón | 122.500 kr. |

Ekki er gert ráð fyrir launum starfsfólks í þessum tölum




The Power to Surprise

## Reynsluaktu fyrsta Hybrid bílnum frá Kia

Umhverfisvitund og akstursánægja sameinast í Kia Niro, fyrsta Hybrid bílnum frá Kia. Hann er aflmikill með karakter jepplings, umhverfismildur og áreiðanlegur, leitast alltaf við að keyra á rafmagni — og eyðir aðeins frá 3,8 l/100 km í blönduðum akstri. Honum fylgir svo að sjálfsögðu hin einstaka 7 ára ábyrgð.

**Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Niro Hybrid. Við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **4.290.777** kr.

Mánaðarleg afborgun **35.777 kr.***

Kia Niro Hybrid — bensín og rafmagn,
3,8 l/100 km, sjálfskiptur DCT–6

*m.v. 50% útborgun og lán í 84 mánuði með 8,75% vöxtum og árlegri hlutfallstölu kostnaðar 10,45%

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Flóttamannabúðir gætu risið fyrir hælisleitendur sem koma hingað

**FLÓTTAMENN** Nokkurs konar flóttamannabúðir gætu risið hér á landi ef stjórnvöld grípa ekki inn í.

Um síðustu mánaðamót voru 416 hælisleitendur hjá þjónustuaðilum Útlendingastofnunar og þá voru öll pláss full. Síðan þá hafa um eitt hundrað manns bæst í hópinn.

Útlendingastofnun skoðar að reisa gistiskýli fyrir flóttamenn til að allir hafi þak yfir höfuðið. Fáist ekki leyfi kemur til greina að leita á náðir Rauða krossins.

„Það er neyðarástand á næsta leiti ef ekki verður gripið inn í," segir Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða krossins.

„Rauði krossinn, sem hluti af almannavarnakerfi landsins, kæmi til með að opna fjöldahjálparstöð ef öll önnur úrræði bregðast," bætir Björn við.

Slík fjöldahjálparstöð yrði að hluta sambærileg þeim sem rísa í kjölfar náttúruhamfara eða aftakaveðurs. Sá munur er að stöð í þessu tilfelli þyrfti hækkað þjónustustig þar sem flóttamannastöðin er reist til lengri tíma en hin venjulega fjöldahjálparstöð.

> Það sem vantar er pólitískur vilji til að koma í veg fyrir þetta ástand og sem samfélag ættum við að geta gert miklu betur.
>
> Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða krossins



„Það þyrfti lágmarksfjölda fermetra á hvern og einn, stöðuga viðveru starfsmanna, heilsugæslu, sálfræðilegan stuðning og félagsstarf," segir Björn.

Að sögn Björns hafa málefni hælisleitenda haft tilhneigingu til þess að stranda í hægagangi kerfisins. Rauði krossinn sé alltaf reiðubúinn og muni ekki skorast undan þessari samfélagslegu ábyrgð ef til félagsins verði leitað. Til þess þurfi hins vegar ekki að koma.

„Húsnæðið er til hvort sem þau úrræði eru á hendi ríkisins, sveitarfélaga eða einkaaðila," segir Björn. „Það sem vantar er pólitískur vilji til að koma í veg fyrir þetta ástand og sem samfélag ættum við að geta gert miklu betur í þessum málum en hefur verið hingað til.". – **jóe**



Sóley Tómasdóttir og Líf Magneudóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORBJÖRN

## Líf orðin forseti borgarstjórnar

**REYKJAVÍK** Líf Magneudóttir var í gær kjörin forseti borgarstjórnar. Líf mun jafnframt taka sæti í borgarstjórn fyrir hönd Vinstri grænna. Sóley Tómasdóttir, fyrrverandi forseti borgarstjórnar og borgarfulltrúi, baðst lausnar þar sem hún er að flytja til Hollands.

Líf kemur því inn í stað Sóleyjar. Hún var í öðru sæti á lista Vinstri grænna í borgarstjórnarkosningunum 2014. Einungis munaði einu atkvæði á Sóleyju og Líf er kosið var um fyrsta sæti listans.

„Þetta er auðvitað mjög ánægjulegt. Ég er hins vegar ekki í pólitík fyrir vegtyllurnar heldur til þess að hafa áhrif og vinna að markmiðum Vinstri grænna og framfylgja meirihlutasáttmálanum okkar," segir Líf. Hún segist hlakka til að takast á við komandi verkefni og lofar að sinna skyldum sínum vel.

Sóley sat í borgarstjórn í sjö ár, þá var hún varaborgarfulltrúi á árunum 2006 til 2009. – **þea**

## Lést í bílveltu

**SLYS** Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Snæfellsnesi um helgina hét Oddur Haraldsson og var búsettur að Litla-Kambi í Snæfellsbæ. Hann var 38 ára að aldri og lætur eftir sig unnustu og tvö börn.

Oddur lést er bíll hans valt á Útnesvegi austan við Arnarstapa aðfaranótt sunnudags. Kona sem var einnig í bílnum var flutt alvarlega slösuð á Landspítala. – **þea**




# Nýtt útlit þjóðarleikvangsins

**Í tillögum Yrkis arkitekta, sem kynntar voru í borgarráði í síðustu viku, er sýnt nýtt útlit Laugardalsvallar. Á teikningunum er gert ráð fyrir að völlurinn rúmi 25.600 áhorfendur auk hótels og skóla meðal annars.**

**ÍÞRÓTTIR** Hugmyndir KSÍ um Laugardalsvöll voru kynntar á fundi borgarráðs í síðustu viku. Þar var einnig kynntur nýr völlur sem teiknaður var af Yrki arkitektum að frumkvæði borgarinnar.

Borgin fól Yrki að skoða mögulega stækkun vallarins og byggingarmagn. Útfærsla Yrkis miðast ekki við hugmyndir KSÍ heldur en hún frumskoðun til að átta sig á aðstæðum og möguleikum.

KSÍ hefur sagst vilja byggja völlinn án aðkomu borgarinnar. Var lagt til í borgarráði að hefja formlegar viðræður um kaup KSÍ á vellinum. Takist fjármögnun er stefnt á sameiginlega viljayfirlýsingu frá ríki, Reykjavíkurborg og KSÍ.

> Takist fjármögnun er stefnt á sameiginlega viljayfirlýsingu frá ríki, Reykjavíkurborg og KSÍ.

Í teikningum Yrkis er gert ráð fyrir 15.800 nýjum sætum og tæki völlurinn þá 25.600 áhorfendur. Þá verði gamla stúkan rifin og völlurinn færður til vesturs. Í nýju stúkunni verði hótel, íþróttaakademía og skóli.

KSÍ hefur þó aðrar hugmyndir um völlinn sem byggjast á hugmyndum frá fyrirtækinu Borgarbrag. Þar er gert ráð fyrir opnanlegu þaki yfir öllum vellinum og starfsemin myndi tengjast við erlendar umboðsskrifstofur tónlistarfólks og skipuleggjendur stórra viðburða. Slíkt rekstrarmódel verður nú æ algengara erlendis. Með aðkomu slíkra aðila að rekstri og jafnvel eignarhaldi vallanna er tryggður mun betri rekstrargrundvöllur.

KSÍ hefur rætt við slík fyrirtæki sem hafa sýnt verkefninu áhuga.

Þar sem um þjóðarleikvang í knattspyrnu og frjálsíþróttum er að ræða er nauðsynlegt að gera ráð fyrir aðkomu ríkisins að málinu, svo sem að tryggja fjármögnun á nýjum þjóðarleikvangi í frjálsíþróttum, sem er ein af forsendum verkefnisins. **benediktboas@frettabladid.is**




# Mikill meirihluti studdi samkomulagið

**KJARAMÁL** „Þarna var það einfaldlega þannig að það voru fjögur félög sem voru því mótfallin að við gerðum þetta og það var farið í atkvæðagreiðslu. Niðurstaðan varð að 22 aðildarfélög bandalagsins voru samþykk því að við myndum undirrita þetta skjal," segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, um þá ákvörðun forystumanna BSRB að undirrita samkomulag við ríki og sveitarfélög um nýtt lífeyriskerfi. Með þessu niðurstöðu hafi henni einfaldlega borið að undirrita samkomulagið.



Elín Björg Jónsdóttir undirritaði samkomulagið fyrir hönd BSRB. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samningarnir voru undirritaðir í fyrradag. Breytingarnar fela í sér að allt launafólk í landinu mun njóta sambærilegra lífeyrisréttinda hvort sem það starfar á opinberum eða almennum vinnumarkaði. Í framhaldinu ætla ríki og sveitarfélög að leiðrétta launamun milli opinbera vinnumarkaðarins og hins almenna.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að fjögur aðildarfélög innan BSRB hefðu bókað mótmæli gegn fyrirhuguðum breytingum á lífeyrissjóðakerfinu á formannafundi sem haldinn var í Reykjanesbæ í byrjun september. Þetta voru forsvarsmenn Landssambands lögreglumanna, Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sjúkraliðafélagsins og Tollvarðafélagsins. Elín Björg segir það afar leitt að ekki skyldu öll félögin innan BSRB hafa verið sammála í málinu því reynt hafi verið að ná samstöðu um það.

En það er ekki bara deilt um nýja samkomulagið innan BSRB. Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem samkomulaginu var mótmælt. Þar er vinnubrögðum við gerð samkomulagsins líka mótmælt. „Um er að ræða breytingar sem eru gerðar án nokkurs samráðs við FÍH," segir í yfirlýsingunni. Telur stjórnin hjúkrunarfræðinga vera óbundna af samkomulaginu. – **jhh**




**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

B|L



Kona var flutt með sjúkraflugi eftir líkamsárás í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Útskrifaði sig af sjúkrahúsi

**LÖGREGLUMÁL** Alvarleg líkamsárás sem átti sér stað í Vestmannaeyjum á laugardagskvöld er nú til rannsóknar hjá lögreglu. Þetta staðfesti Jóhannes Ólafsson, yfirlögregluþjónn í Vestmannaeyjum, í samtali við fréttastofu í gær.

Hálffimmtug kona sem býr í Eyjum fannst meðvitundarlaus og fáklædd með mikla áverka í húsgarði í bænum. Maður um þrítugt sem einnig býr í Eyjum er talinn hafa ráðist á konuna og veitt henni áverkana.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er konan höfuðkúpubrotin. Hún var flutt með sjúkraflugi frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur á laugardag en mun hafa útskrifað sjálfa sig af Landspítalanum í gær.

Mbl.is greindi frá því í gær að Héraðsdómur Suðurlands hafi hafnað kröfu um gæsluvarðhald yfir grunuðum árásarmanni en þeim úrskurði hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Konan hefur ekki lagt fram kæru á hendur manninum. – **þea**

# Blístrað í búrum



**Meira en eitt þúsund fuglar frá Taílandi, Malasíu og Singapúr, allir í búrum, voru látnir leika listir sínar í söngkeppni í Narathiwat í Taílandi. Þessi mjög svo sérstaka keppni mun vera árlegur viðburður þar um slóðir.** NORDICPHOTOS/AFP






# Lífeyrismálið í gegn á Alþingi ef annað fer út

**Þingmenn stjórnarandstöðunnar segja lítinn tíma til að ljúka breytingum á lífeyrissjóðakerfinu sem kynntar hafa verið. Stjórnarflokkarnir segja mikilvægt að klára málið til að komast hjá niðurskurði.**

**STJÓRNMÁL** „Það er spurning hvort ríkisstjórnin sjái fyrir sér að liðka eitthvað fyrir þessu máli með því að setja önnur mál til hliðar,“ segir Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, og nefnir sem dæmi umdeilt frumvarp um breytingar á námslánakerfinu og LÍN.

Á mánudag kynnti ríkisstjórnin áform um breytingar á lífeyrissjóðakerfinu sem gera eiga launafólki auðveldara að færa sig á milli opinbers og almenns vinnumarkaðar. Einnig að lífeyrisaldur opinberra starfsmanna verður hækkaður í 67 ár.

Málið er umfangsmikið en þingmaður Pírata, Birgitta Jónsdóttir, átti í orðaskiptum við Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra vegna þess á þingi á mánudag og kallaði eftir því að málið fengi eðlilega þinglega meðferð, kallað væri eftir umsögnum um málið en það ekki klárað á einni viku.

Bjarni Benediktsson sagði í kjölfarið að ef slík staða kæmi upp þá væri tilefni til að framlengja þingið. Þingið ætti ekki að ljúka störfum án þess að hafa klárað málið.

„Það er ljóst að forystumenn verkalýðshreyfingarinnar standa að baki tillögunum. Það breytir því ekki að við berum ábyrgð á því að fjalla vandlega um málið. Þetta er viðamikil breyting sem er mikilvægt að sé rýnd, hvernig hún kemur út fyrir kynslóðirnar og svo framvegis,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.

> **Ef við settum þetta á á næsta ári myndi það kalla á mikinn niðurskurð ríkisútgjalda á árunum þar á eftir.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar



Katrín kastar fram þeirri hugmynd að stofnuð verði milliþinganefnd sem geti farið með málið fram á næsta kjörtímabil.

Stjórnarflokkunum finnst hins vegar mikilvægt að málið klárist á þessu ári. Töluverður afgangur er af ríkissjóði nú vegna stöðugleikaframlagsins en fari svo að málið verði afgreitt á næsta ári, og umsamin eingreiðsla úr ríkissjóði bókfærist ekki á þessu ári, ætti að koma fram halli á fjárlögum næsta árs.

„Samkvæmt Ríkisfjármálaáætlun og þeim reglum sem við höfum sett um opinber fjármál megum við ekki hafa halla á fjárlögum núna. Ef við settum þetta á á næsta ári myndi það kalla á mikinn niðurskurð ríkisútgjalda á árunum þar á eftir,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar.

**snaeros@frettabladid.is**




VITARA

Suzuki Vitara er einstaklega sparneytinn, fjórhjóladrifinn sportjeppi með frábæra akstursseiginleika.
Suzuki Vitara er með rúmbetri jeppum í sínum stærðarflokki og er hlaðinn tæknibúnaði.
Sjón er sögu ríkari, komdu og reynsluaktu, þú verður ekki fyrir vonbrigðum.

ALLGRIP

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

KOMDU OG PRÓFAÐU HANN!

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Margfalt ódýrari íbúðir fást úti á landi

**Framkvæmdastjóri Félags fasteignasala segir þúsundir íbúða þurfa á markaðinn til að anna eftirspurn. Framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi segir áherslu á séreignarleiðina allt of mikla . Meira en fimmfaldur munur er á verði fermetrans á Hellissandi og í Garðabæ.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Langdýrustu fermetrana í íbúðarhúsnæði er að finna í Garðabæ og í póstnúmeri 101 í Reykjavík ef marka má íbúðir til sölu á fasteignavefjum landsins.

Staðan er skelfileg og þúsundir íbúða þarf inn á markaðinn til að anna eftirspurn, að mati framkvæmdastjóra Félags fasteignasala.

Fréttablaðið kannaði ásett verð fasteigna sem eru um 70 til 120 fermetrar að stærð vítt og breitt um landið. Einstaklingar í dag sem eru á leið út á fasteignamarkaðinn eru í mörgum tilvikum að leita sér að íbúð á þessu stærðarbili.

Verðið er nokkuð mismunandi eftir því hvar íbúðirnar eru staðsettar. Einnig eru sum svæði að byggjast upp með mörgum nýjum íbúðum í dýrari kantinum.

„Það er virkilega erfitt fyrir ungt fólk að kaupa sína fyrstu eign. Fólk þarf að eiga fimm til sex milljónir til að komast inn á markaðinn og það er ekki gefið,“ segir Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Grétar segir það óskemmtilega stöðu sem gæti þá komið upp að börn efnaðra foreldra séu þá þau einu sem geti eignast fasteign.

„Fólk sem á ákaflega lítið, nýkomið úr námi, þarf að reiða sig á foreldra eða aðra sem eiga nægilegt fé til að hjálpa. Það er staða sem margir standa frammi fyrir. Við erum að sjá að þeir sem eiga efnaða foreldra eru líklegri til að geta eignast fasteign,“ segir Grétar.

Gríðarlegur munur er á fasteignaverði á milli höfuðborgarsvæðisins og síðan landsbyggðanna. Til að mynda er fasteignaverð á Akureyri aðeins hálfdrættingur á við það sem gerist í borginni. Fasteignaverð lækkar síðan tiltölulega hratt þegar komið er í nágrannasveitarfélög höfuðborgarinnar.

Atvinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins hefur verið að stækka síðustu áratugina með bættum samgöngum. Er nú talað um að atvinnusóknarsvæðið nái um 45 mínútna akstursvegalengd frá Reykjavík. Því eru mörg dæmi um að einstaklingar sæki vinnu til borgarinnar þó þeir séu búsettir á Selfossi í austri eða nálægt Borgarnesi í norðri frá höfuðborgarsvæðinu.

„Þess vegna þarf það fólk, sem ekki á kost á að kaupa í höfuðborginni, að skoða það hvort búseta utan borgarinnar er möguleg, setjast yfir hvort það sé leiðin til að komast inn á fasteignamarkaðinn,“ segir Grétar.

Benedikt Sigurðarson, framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi, segir að hátt fasteignaverð sé ekki einu vandkvæðin við íslenskan fasteignamarkað. Íslenskur leigumarkaður eigi langt í land með að vera sambærilegur við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

„Almennur leigumarkaður hefur ekki verið til staðar á Íslandi að því leyti að séreignaráherslan hefur verið svo mikil. Þegar ég segi almennur leigumarkaður á ég við leigumarkað sem ekki er rekinn sem einhvers konar skammtímahagnaður eða gróðatækifæri fjárfesta,“ segir Benedikt.

Að sögn Benedikts hafa íbúðafélög neytenda átt erfitt með að fóta sig. Engin slík félög hafi fótað sig á leigumarkaði, einungis húsnæðissamvinnufélög sem lítið hlutfall hafi á markaði.

„Ekkert eftirlit er með leigumarkaði, engin skráning á starfseminni, ekkert aðhald hins opinbera og öfugt við Svíþjóð og Þýskaland til dæmis er ekkert neytendafélag til staðar til að skaffa neytendum íbúðir á sem lægstu verði,“ bætir Benedikt við.

sveinn@frettabladid.is

## Fermetraverð fasteigna eftir póstnúmerum og sveitarfélögum




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 Grindavík 238 þúsund | 4 Hellissandur 117 þúsund | 7 Selfoss 218 þúsund | 10 Kópavogur 337 þúsund | 13 RVK 101 511 þúsund | 16 RVK 107 442 þúsund |
| 2 Reykjanesbær 265 þúsund | 5 Akureyri 259 þúsund | 8 Vestm.eyjar 181 þúsund | 11 Garðabær 655 þúsund | 14 RVK 104 399 þúsund | 17 RVK 108 425 þúsund |
| 3 Akranes 234 þúsund | 6 Eskifjörður 140 þúsund | 9 Ísafjörður 143 þúsund | 12 Hafnarfj. 433 þúsund | 15 RVK 105 465 þúsund | 18 RVK 109 310 þúsund |


SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**Þú kemst lengra en borgar minna**

**ŠKODA Octavia G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is


SALA HEFST Á MORGUN KL. 10!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ BÆTA VIÐ FLEIRI TÓNLEIKUM
Jól með
LEXUS OG EGILS APPELSÍN
kynna með stolti
Sissel
ELDBORG HÖRPU 11. OG 12. DESEMBER
UPPSELT Á ÞRENNA TÓNLEIKA
NÝIR AUKATÓNLEIKAR 12. DESEMBER KL. 18.00
LEXUS
APPELSÍN
MIÐASALA Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SENA.IS/SISSEL
sena LIVE!



George H.W. Bush gat ekki lengur orða bundist. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Bush ætlar að kjósa Clinton

**BANDARÍKIN** Repúblikaninn George W.H. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, ætlar að kjósa demókratann Hillary Clinton í forsetakosningunum í nóvember.

Þetta upplýsti Kathleen Hartington Kennedy Townsend á Facebooksíðu sinni, þar sem hún birti mynd af sér og Bush með þessum texta: „Forsetinn sagði mér að hann ætli að kjósa Hillary!“

Bush, sem orðinn er 92 ára, hafði ekkert ætlað að láta uppi um afstöðu sína til frambjóðendanna tveggja, Clinton og Donalds Trump, en getur ekki lengur orða bundist.

Townsend er dóttir Roberts F. Kennedy, bróður Johns F. Kennedy, en Bush var forseti í eitt kjörtímabil á árunum 1989 til 1993. Hann tapaði fyrir Bill Clinton í forsetakosningunum árið 1992.

Sonur hans og nafni, George W. Bush, tók síðan við af Bill Clinton árið 2001 og sat í tvö kjörtímabil. – gb

# Sýrlenska vopnahléið í uppnámi

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir vopnahléið í Sýrlandi í fullu gildi þrátt fyrir loftárásir síðustu daga. SÞ stöðvuðu sendingu hjálpargagna til svæðis nærri Aleppo, þar sem loftárás á bílalest felldi um 20 manns.

**SÝRLAND** Loftárás á bílalest með hjálpargögn á mánudag varð til þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa tímabundið hætt að senda hjálpargögn með þessum hætti til íbúa á svæði, sem uppreisnarmenn í Sýrlandi hafa á sínu valdi skammt vestan við borgina Aleppo.

Árásin kostaði um tuttugu manns lífið, allt almenna borgara. Auk þess eyðilögðust átján flutningabifreiðar frá sýrlenska Rauða hálfmánanum. Í bílunum voru matvæli ætluð íbúum svæðisins, en þar búa tugir þúsunda manna.

Meðal hinna látnu var Omar Barakat, yfirmaður sýrlenska Rauða hálfmánans í Aleppo.

Bæði sýrlensk og rússnesk stjórnvöld neita að þeirra herlið hafi gert þessa loftárás, en sýrlensku mannréttindasamtökin Syrian Observatory for Human Rights sögðu flest benda til þess að annaðhvort sýrlensk eða rússnesk flugvél hefði gert árásina.

Bandarísk stjórnvöld hafa sakað Rússa um að bera endanlega ábyrgð á henni, jafnvel þótt í ljós komi að það hafi verið sýrlenski herinn sem sé hinn seki. Enda hafi Rússar, samkvæmt vopnahléssamkomulaginu sem gert var í byrjun mánaðarins, tekið að sér að hafa hemil á sýrlenska stjórnarhernum meðan vopnahlé stæði yfir.

Óljóst er hvort framhald verður á vopnahléinu, sem hófst mánudaginn 12. september og átti að standa í viku hið minnsta. Að lokinni þeirri viku ætluðu Bandaríkjamenn og Rússar að hefja samstarf um árásir á Íslamska ríkið svonefnda, eða Daish-samtökin, og aðra öfgahópa samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

> Óljóst er hvort framhald verður á vopnahléinu sem hófst mánudaginn 12. september og átti að standa í viku hið minnsta.

Sýrlenski stjórnarherinn hóf loftárásir á uppreisnarmenn að nýju á sunnudaginn, þegar ekki var liðin vika frá því vopnahléið hófst. Daginn áður var gerð loftárás á sýrlenska hermenn. Ljóst þykir að alþjóðaherlið undir forystu Bandaríkjanna hafi gert þá árás, en Bandaríkjaher segist vera að kanna hvað fór úrskeiðis. Meira en sextíu sýrlenskir hermenn létu lífið í þessari árás.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði vopnahléið engu að síður enn í fullu gildi þegar hann í gær hitti Sergei Lavrov, hinn rússneska starfsbróður sinn, á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem þá var að hefjast í New York.

gudsteinn@frettabladid.is



Hjálpargögn liggja eins og hráviði í bænum Orum al-Kubra, skammt frá Aleppo, þar sem loftárás á bílalest kostaði um 20 manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

### Vopnahlé og loftárásir

**12. september** hófst vopnahlé, sem átti að standa í að minnsta kosti eina viku

**17. september** var gerð loftárás á sýrlenska hermenn. Fjölþjóðaherlið undir stjórn Bandaríkjanna sagt bera ábyrgð á henni. Mistök, segja Bandaríkin.

**18. september** hóf sýrlenski stjórnarherinn loftárásir á uppreisnarmenn skammt frá Aleppo

**19. september** var gerð loftárás á bílalest með hjálpargögn skammt frá Aleppo. Stjórnarherinn grunaður.



# Samkeppni við sama borð



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Það er fagnaðarefni að erlendar verslunarkeðjur sæki inn á íslenskan markað. Samkeppni í smásölu sem og á öðrum sviðum atvinnulífsins leiðir jafnan til betri niðurstöðu fyrir neytendur.

Tvö stór fyrirtæki hafa boðað komu sína á íslenskan markað; smásölukeðjan Costco og fataverslunarkeðjan H&M. Báðar þessar keðjur munu hafa áhrif á markaðinn til góðs og auka fjölbreytni og aðhald.

Í Markaðnum í dag er rætt við Jón Björnsson sem víða hefur komið við í smásölurekstri hér heima og erlendis. Jón stýrir Festi sem á og rekur þekkt smásölufyrirtæki á Íslandi. Hann óttast ekki samkeppni, en leggur áherslu á mikilvægi þess að umhverfið sé sambærilegt milli fyrirtækja. Með öðrum orðum, að erlendum fyrirtækjum sé ekki hyglað á kostnað innlendra.

Í kjölfar þeirra áfalla og röngu ákvarðana sem leiddu íslenskt efnahagslíf í ógöngur hefur umræðan að mestu snúist um að koma í veg fyrir slíka hluti. Það er í sjálfu sér þarft, en það er ekki síður mikilvægt að horfa fram á við og spyrja sig þeirrar spurningar hvernig viðskiptalíf við viljum hafa til framtíðar. Þegar menn spyrja sig slíkrar spurningar er líklegt að flestir svari því að þeir kjósi opið hagkerfi þar sem íslensk fyrirtæki og fjárfestar geti nýtt þekkingu sína til að sækja fram á alþjóðlegum mörkuðum.

Til þess að svo megi verða er mikilvægt að við sníðum stakk okkar sem líkastan því sem gerist í viðskiptalöndum okkar. Regluverk sem er hamlandi og sérstakt fyrir Ísland er ekki til þess fallið að laða að erlenda fjárfestingu.

Það er heldur ekki til farsældar fallið að gefa erlendum fjárfestum sérˆstakar ívilnanir í miklum mæli og alls ekki ef þeir eru í samkeppni við innlenda aðila.

Viðskiptaráð ályktaði fyrir nokkru um þunna eiginfjármögnun fyrirtækja. Stöndug alþjóðleg félög geta fjármagnað fjárfestingar sínar hérlendis á lágum erlendum vöxtum. Við því er lítið að gera meðan við höfum kosið að lifa í öðrum vaxtaheimi en restin af Evrópu. Hitt er ólíðandi fyrir fyrirtæki í landinu að ofan í kaupið geti fyrirtækin lánað sjálfum sér, haldið sér óeðlilega skuldsettum og komist með því hjá skattgreiðslum.

Það er mikilvægt að þegar verði unnið að því að tryggja að erlend fyrirtæki komist ekki upp með slíka hegðun. Nú er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að fjársterk fyrirtæki veiti dótturfélögum lán. Það þarf hins vegar að vera kristaltært að eiginfjárhlutfall þeirra sé eðlilegt miðað við sambærilegan rekstur og vaxtakjör milli félaga sé eins og um óskyldan rekstur væri að ræða. Annað er gróf mismunun sem grefur undan heilbrigðum rekstri og atvinnulífi.

**Í kjölfar þeirra áfalla og röngu ákvarðana sem leiddu íslenskt efnahagslíf í ógöngur hefur umræðan að mestu snúist um að koma í veg fyrir slíka hluti.**

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna kosninga til Alþingis sem fram fara 29. október 2016, hefst við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu miðvikudaginn 21. september 2016.

**Atkvæðagreiðslan fer í fyrstu fram á skrifstofu embættisins í Reykjavík sem hér segir:**

- Virka daga milli kl. 8:30 og 15:00 á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík.
- Um helgar milli kl. 12:00 og 14:00 á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Frá og með 17. október mun atkvæðagreiðslan flytjast á sérstakan kjörstað utan aðalskrifstofu embættisins og verður staðsetning þess kjörstaðar tilkynnt síðar.

Þar verður opið alla daga milli kl. 10:00 og 22:00.

Á kjördag, laugardaginn 29. október verður opið milli kl. 10:00 og 17:00 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins.

*Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu*
*Þórólfur Halldórsson*

## Halldór




## Frá degi til dags

**Kaldir vindar í Framsókn**

**Góð kosning Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í Norðausturkjördæmi kyndir undir ólgu innan Sjálfstæðisflokksins varðandi framtíð samstarfs flokkanna. Heimildir Fréttablaðsins herma að í huga forystumanna Sjálfstæðisflokksins komi ekki til greina að starfa með Framsóknarflokknum verði Sigmundur Davíð formaður. Kosning hans þykir auka líkur á því að flokksmenn felli ekki formanninn á flokksþingi. Stuðningsmenn Sigmundar munu hafa snúið baki við Sigurði Inga Jóhannssyni, varaformanni og forsætisráðherra. Þá andi sérlega köldu milli Sigurðar og Gunnars Braga Sveinssonar ráðherra sem styður Sigmund.**

**Pirraðir þingmenn**

**Stjórnarandstöðunni á Alþingi var ekki sagt frá því að bera ætti upp tillögu um þingrof við upphaf þingfundar í gær. Er Fréttablaðið hringdi í Benedikt Sigurðsson, aðstoðarmann forsætisráðherra, tveimur tímum fyrir þingfund sagði hann ekki búið að ákveða hvenær tillagan yrði borin fram. Þingmenn stjórnarandstöðunnar voru verulega pirraðir enda mættu þeir óundirbúnir til leiks í umræðurnar. Þau eru ansi óljós, rökin fyrir því að fara með þingrofstillögu fyrir löngu ákveðinn kjördag eins og mannsmorð. Ekki nema markmiðið hafi einmitt verið að koma stjórnarandstöðunni í opna skjöldu. snaeros@frettabladid.is**

# Ólaunaðar 36 daga á ári



Eva H. Baldursdóttir
frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík

Ég er alin upp á heimili þar sem mikil áhersla var lögð á jafnrétti. Mamma var rauðsokka og sagði mér að gefa aldrei afslátt vegna þess að ég væri stelpa. Og þannig hefur það verið. Við eigum hvorki að leggja meiri kröfur á okkur af því að við erum konur né gefa afslátt vegna kyns.

Nýjasta launakönnun VR gefur til kynna að launamunur kynjanna hafi staðið í stað undanfarin ár og kunni jafnvel að vera að aukast – mest meðal stjórnenda. Þetta sýnir það að jafnrétti kynjanna er ekki sjálfsagt mál – það þarf að vinna stöðugt að því.

**Jafnrétti á heimilinu**

Þrátt fyrir að Ísland sé eitt fremsta ríki heims þegar kemur að kynjajafnrétti, eigum við nokkuð í land og misréttisins gætir enn þá víða, einkum í viðhorfum fólks. Vinna þarf markvisst gegn skaðlegum staðalmyndum kynjanna í tengslum við barnauppeldi, samskipti og vinnu.

Atvinnuþátttaka kvenna er enn fremur aðeins um fimm prósentum lægri en karla, en konur enn með aukinn hluta verkefna heimilisins á sinni könnu og vinna þannig stærsta hluta ólaunaðrar vinnu. Of fáir feður taka nú fæðingarorlof og í styttri tíma, en það er öfug þróun við markmið fæðingarorlofsins og skapar ójafnvægi. Það þarf því að lengja fæðingarorlofið og hækka þakið.

**Jöfnum leikinn**

Frá því að konur fengu kosningarrétt hefur aðeins ein kona gegnt embætti forsætisráðherra en 26 karlar, þrjár konur verið borgarstjórar en 17 karlar og ein kona hefur gegnt embætti forseta. Þar að auki eru konur aðeins um sjö prósent af æðstu stjórnendum innan fjármálakerfisins. Ef breyta á launamun kynjanna verður jafnframt að breyta valdajafnvægi þeirra.

Á vinnumarkaði bera atvinnurekendur mikla ábyrgð og næsta ríkisstjórn á að ráðast í aðgerðir til að bæta kjör kvenna í samvinnu við atvinnulífið. Það þarf að jafna leikinn. Þannig mun ég olnbogast áfram og leggja mitt af mörkum enda ekki hægt að sætta sig við að við konur gefum afslátt af okkar vinnu sem samsvarar 36 dögum ólaunuðum á ári.

**Á vinnumarkaði bera atvinnurekendur mikla ábyrgð og næsta ríkisstjórn á að ráðast í aðgerðir til að bæta kjör kvenna í samvinnu við atvinnulífið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Forgangsröðunin og stöðugleikinn

Í DAG



Ólafur Arnarson

Við höfum aldrei haft það betra að sögn ráðamanna þjóðarinnar. Öguð og útsjónarsöm hagstjórn frá hruni hefur leitt til þess að aldrei hefur ríkið skuldað minna, aldrei hefur afgangur af ríkisrekstri verið meiri og aldrei hefur stöðugleikinn verið meiri. Mikið erum við nú heppin. Stjórnarandstaðan þakkar góðærið hetjudáðum fyrri ríkisstjórnar en ríkisstjórnin segir strik hafa verið dregið í sandinn með sinni eigin tilkomu.

Mikið hljótum við Íslendingar að vera heppin þjóð. Einu gildir hvort við völd er norræn velferð eða þjóðræn framferð, ávallt erum við með bestu ríkisstjórn í heimi, sem setur grunnþarfir almennings í forgang. Allur heimurinn horfir öfundaraugum til landsins bláa. Hér ráða ríkjum kappar, sem standa óttalausir andspænis hótunum öflugra og ósvífinna útlendinga, berja sér á brjóst og nötra af sjálfsöryggi.

Á öllum sviðum stöndum við framar þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Grunnurinn að velferðinni er vitanlega ábyrg hagstjórn. Ríkissjóður hefur skilað gríðarlegum afgangi undanfarin ár. En þetta gerist ekki af sjálfu sér. Svona árangur næst ekki nema ráðamenn séu óragir við að taka erfiðar ákvarðanir og forgangsraða.

Ísland er t.d. eina ríkið í Norður-Evrópu sem sýnir þá ráðdeild í ríkisrekstri að verja langt innan við tíu prósentum af landsframleiðslu til heilbrigðismála og fer það hlutfall hríðlækkandi. Þá hefur einnig tekist að halda lyfjakostnaði langt undir því sem tíðkast í öðrum löndum. Það þarf stjórnvisku og staðfestu til að standa gegn þrýstingi almennings og sjúklinga um fullan aðgang að lyfjum og læknismeðferð jafnt á síðari hluta

**Já, ef við ættum ekki svona framsýna og staðfasta ráðamenn er engin leið til að við gætum gefið stórútgerðinni stórlega niðurgreiddan aðgang að auðlindinni í hafinu. Og hvernig ættum við að hafa efni á að borga 14 milljarða á ári í milliliði í landbúnaði ef við stemmum ekki stigu við eyðslu í heilbrigðismál, menntamál, aldraða, öryrkja og þá launalægstu?**

árs sem þeim fyrri. Skýr framtíðarsýn birtist í því að bjóða alls ekki upp á nýjustu og dýrustu lyf og lækningatæki, sem gætu raskað forgangsröðun og stöðugleika ríkisrekstrarins.

**Aðdáunarverð staðfesta**

Ef öryrkjum og öldruðum er sýnd of mikil eftirlátsemi og linkind er hætt við að undirstöður hagkerfisins láti undan. Staðfesta ráðamanna gegn heimtufrekju þessara hópa og kröfum um afturvirkar leiðréttingar á skerðingum er því aðdáunarverð. Það þarf að standa í lappirnar gagnvart svona sérhagsmunaöflum.

Í menntakerfinu hefur gengið hægar að ná tökum á útgjöldum. Nú hafa menn þó tekið sig saman og fækkað kennslustundum á framhaldsskólastigi og stytt námið um eitt ár. Svo er líka ágætt að hafa skólana bara opna hluta úr vetri. Þá er líka verið að taka á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það gengur auðvitað ekki að þeir sem mennta sig mest fái mest út úr námslánakerfinu. Það mun hafa góð áhrif á þróun útgjalda til námslána að setja markaðsvexti á þau og láta vaxtatekjur sjóðsins standa að fullu undir námsstyrkjum, sem framvegis munu nýtast best þeim sem hafa vit á að búa heima hjá pabba og mömmu meðan á námi stendur og vinna á sumrin í fjölskyldufyrirtækinu. Þessi hópur hefur hingað til verið mjög afskiptur og ekki notið neinna sérréttinda í námslánakerfinu.

Þá verður að hrósa ríkisstjórninni, verkalýðshreyfingunni og atvinnurekendum fyrir að koma á nýju vinnumarkaðsmódeli, sem kennt er við SALEK og stuðlar að stöðugleika og litlum launahækkunum. Það er að norrænni fyrirmynd. Auðvitað verður ekki á allt kosið og því neyðast menn til að festa launin dálítið neðarlega, alla vega hjá hinum launalægstu – en það er allt í lagi því meðallaun allra, þegar bankamenn og slitastjórnarfólk er reiknað með, eru bara alveg ágæt. Stöðugleikinn bara þolir ekki að allir geti lifað af sínum launum.

Já, ef við ættum ekki svona framsýna og staðfasta ráðamenn er engin leið til að við gætum gefið stórútgerðinni stórlega niðurgreiddan aðgang að auðlindinni í hafinu. Og hvernig ættum við að hafa efni á að borga 14 milljarða á ári í milliliði í landbúnaði ef við stemmum ekki stigu við eyðslu í heilbrigðismál, menntamál, aldraða, öryrkja og þá launalægstu? Við verðum alltaf að hugsa um stöðugleikann.

# Um plebbaskap og fleira



Sirrý Hallgrímsdóttir
aðstoðarmaður mennta- og menningarmálaráðherra

Það er löng hefð fyrir því að við opnun nýrra sýninga í listasöfnum landsins taki fjölmiðlar viðtöl við listamenn eða sýningarstjóra og kynna sýningarnar, og eru slík viðtöl oft fræðandi og til þess fallin að hvetja lesendur til að sjá viðkomandi sýningu.

Í slíku viðtali við sýningarstjóra Listasafns Íslands sem birtist í Fréttablaðinu laugardaginn 17. september sl. bregður hins vegar svo við, að kynning á sýningunni sem er tilefni viðtalsins verður að aukaatriði. Þess í stað leggur sýningarstjórinn í orðum sínum mesta áherslu á meint „grjóthart skeytingarleysi“ stjórnvalda um menningarmál og lýsir því yfir að hún upplifi meintan skort á stuðningi stjórnvalda við menningarlífið og menningarstofnanir sem „stríð um menninguna“.

Sá blaðamaður sem tók viðtalið bætti um betur í forystugrein Fréttablaðsins mánudaginn 19. september, þar sem hann lýsti meintum óvirðingum stjórnvalda í garð menningarinnar sem „plebbaskap“ og „meðvituðu skeytingarleysi“.

Þetta eru stór orð og ljótt, ef satt væri.

Af nýlegum könnunum er ljóst að það er mikill vilji í þjóðfélaginu til að auka opinber framlög til heilbrigðismála, menntamála, málefna aldraðra og öryrkja, samgöngumála, o.s.frv. Þörfin fyrir aukin framlög til að þjóna samfélaginu sem best er mikil. Þó menningarmál komist ekki á blað í slíkum könnunum er ljóst að þar þarf að bæta úr ekki síður en í öðrum málaflokkum. En hafa menningarmálin virkilega borið svo skarðan hlut frá borði síðustu ár? Hafa þau borið niðurskurð í ríkisfjármálum árin 2008 og 2009 með meiri þunga en aðrir málaflokkar, og hefur landið risið hægar á ný á því sviði en öðrum?

Ef upplýsingar í fjárlögum og ársreikningum ríkisaðila eru skoðaðar kemur í ljós að verðlagsforsendur fjárlaga hafa hækkað um 25% frá árinu 2010 til ársins 2016. Á sama tíma hafa ríkisframlög á nokkrum sviðum menningarmála breyst með eftirfarandi hætti samkvæmt fjárlögum:

- Framlög til Þjóðleikhússins hafa hækkað úr 707,8 m.kr. í 982,6 m.kr., eða um nær 39%.
- Framlög til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa hækkað úr 543,8 m.kr. í 929,2 m.kr., eða um nær 73%.
- Framlög til kvikmyndasjóða hafa hækkað úr 450 m.kr. í 844,7 m.kr., eða um nær 88%.
- Framlög til Íslensku óperunnar hafa hækkað úr 140,6 m.kr. í 195,9 m.kr., eða um 39%.
- Framlög til Bókmenntasjóðs hafa hækkað úr 42,5 m.kr. í 96,6 m.kr., eða um 127%.
- Framlög til Þjóðminjasafns Íslands hafa hækkað úr 413,3 m.kr. í 687,7 m.kr., eða um 66%.
- Framlög til Listasafns Íslands hafa hækkað úr 162,4 m.kr. í 236,7 m.kr., eða um nær 46%, auk þess sem benda má á að vegna aukinna sértekna jukust ráðstöfunartekjur safnsins um 35 m.kr. milli áranna 2014 og 2015 skv. ríkisreikningi.

Á þessu árabili hafa einnig verið stofnaðir fjórir nýir sjóðir á sviði menningarmála, þ.e. Útflutningssjóður tónlistar, Myndlistarsjóður, Hönnunarsjóður (sem allir tóku til starfa 2013) og Hljóðritunarsjóður tónlistar (tók til starfa 2016), sem á árinu 2016 hafa samanlagt 140 m.kr. til ráðstöfunar til styrkja til listamanna. Auk þess sem stofnaður hefur verið framhaldsskóli í tónlist sem veitir réttindi til stúdentsprófs



**Ef þessi viðleitni í tíð síðustu tveggja ríkisstjórna telst lýsa „grjóthörðu skeytingarleysi“, „stríði um menninguna“ eða „plebbaskap“ stjórnvalda, þarf væntanlega að endurskoða merkingu ofangreindra orða í íslenskri orðabók.**

en það er langþráður draumur fólks í listalífinu að nám í listum sé að fullu lagt að jöfnu við annað nám.

Þó hér hafi aðeins verið tiltekin nokkur dæmi má vera ljóst að framlög stjórnvalda á sviði menningarmála hafa í tíð tveggja síðustu ríkisstjórna aukist umtalsvert umfram almenna verðþróun, auk þess sem stofnað hefur verið til nýrra sjóða og þar með stuðnings við menningarlífið. Ef þessi viðleitni í tíð síðustu tveggja ríkisstjórna telst lýsa „grjóthörðu skeytingarleysi“, „stríði um menninguna“ eða „plebbaskap“ stjórnvalda, þarf væntanlega að endurskoða merkingu ofangreindra orða í íslenskri orðabók.

# Húsnæðismál fatlaðs fólks



Þorvarður Karl Þorvarðarson
sendiherra Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Ég bý í þjónustukjarna og kann vel við það, þar er ég með mína eigin stúdíóíbúð og fæ aðstoð við það sem ég þarf. Ég bjó á herbergjasambýli í næstum tuttugu ár. Þar vorum við íbúarnir með nefið í hvers manns koppi. Enginn átti sitt einkalíf. Ég efast um að ráðamenn þjóðarinnar myndu láta bjóða sér upp á að búa á herbergjasambýli. Ég skora hér með á ykkur að prófa það.

Það tók okkur íbúana í þjónustukjarnanum næstum 20 ár að komast þangað eftir miklar og langdregnar umræður. Mér finnst að öll sambýli eigi að vera gerð að þjónustukjörnum svo hver og einn einstaklingur fái sitt einkalíf og þá aðstoð sem hann þarf. Það er líka mikilvægt að geta boðið fólki heim og í mat í ró og næði. 22. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fjallar um einkalíf. Þar segir að fatlað fólk eigi rétt á að einkalíf þess sé ekki truflað á nokkurn hátt. Við eigum nefnilega líka rétt á einkalífi heima hjá okkur eins og ráðamenn þjóðarinnar.

Mér finnst líka að öll sambýli eigi að hafa sinn eigin bíl til umráða og þá bíl sem hentar öllu heimilisfólkinu. Það er alveg hægt ef viljinn er fyrir hendi. Við í mínum þjónustukjarna erum með okkar eigin bíl til umráða á móti öðru heimili. Það er mikill munur fyrir okkur að vera ekki háðir starfsfólkinu, strætó eða með fullri virðingu Ferðaþjónustu fatlaðra. Við getum farið með engum fyrirvara á rúntinn ef við viljum, hvert sem er, til dæmis upp á Skaga eða bara hvert sem er.

**Ráðstefna um vistvænt eldsneyti á sjó**
**Making Marine Applications Greener**

Nordic Marina kynnir í samstarfi við Grænu Orkuna ráðstefnu um vistvæna orkugjafa á sjó sem haldin verður 4. október n.k. á Grand Hótel Reykjavík. Úrval erlendra og innlendra fyrirlesara mun fjalla um fjölbreytta möguleika á notkun vistvæns eldsneytis til sjós og samdrætti í losun frá haftengdri starfsemi.

Niðurstöður í hugmyndasamkeppni um vistvænni skip á vegum Íslenska sjávarklasans, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Íslenskrar NýOrku verða kynntar og verðlaun veitt fyrir tvær framúrskarandi hugmyndir.

Dagskrá og skráningarform má að finna á síðunni: http://nordbio2016.yourhost.is/marina-4-october/

Nordic Marina
Clean Green Nordic Marine
Græna Orkan




**Stoltar.** Stelpurnar voru svekktar en stoltar í leikslok. Þær tóku að sjálfsögðu víkingaklappið með áhorfendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Lítil skán á nær fullkominni undankeppni hjá stelpunum

**Ísland tapaði sínum fyrsta og eina leik í undankeppni EM 2017 þegar Skotar komu í heimsókn á Laugardalsvöllinn í gær. Gestirnir unnu 1-2 sigur en Ísland vann samt sem áður riðilinn.**

**FÓTBOLTI** „Maður er með biturt bragð í munni. Við vorum að tapa leik og áttum of langa vonda kafla. Ég ætla samt að leyfa mér að fagna því að við náðum markmiðum okkar. Við unnum þennan riðil og spiluðum heilt yfir hrikalega vel,“ sagði Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari, eftir tapið fyrir Skotum í gærkvöldi.

Í stóra samhenginu skiptir tapið litlu máli, Ísland var svo gott sem búið að vinna riðilinn fyrir leikinn, en það var samt óþægilegt að horfa á íslenska liðið lengst af í fyrri hálfleik. Hver sendingin af annarri misfórst og frammistaðan var algjörlega úr takti við leik Íslands í undankeppninni.

„Ég veit ekki hvort við eigum að hafa áhyggjur af þessu. Ég er bara ósáttur að það voru of margir leikmenn sem spiluðu langt undir pari. Við byrjuðum leikinn illa og áttum lélegan kafla í fyrri hálfleik. Það er fyrst og fremst það sem ég get ekki sætt mig við,“ sagði Freyr ennfremur.

Skotar stjórnuðu ferðinni í fyrri hálfleik og komust verðskuldað yfir á 25. mínútu þegar Jane Ross skallaði boltann framhjá Guðbjörgu Gunnarsdóttur í marki Íslands. Íslenska vörnin og Guðbjörg voru loksins sigruð eftir að hafa haldið hreinu í fyrstu sjö leikjum undankeppninnar.

Íslenska liðið kom þó til baka og Fanndís Friðriksdóttir jafnaði metin fimm mínútum fyrir hálfleik með laglegu marki. Staðan var því 1-1 í hálfleik sem Ísland gat vel við unað miðað við gang leiksins.

Skotar voru hársbreidd frá því að ná forystunni strax á annarri mínútu seinni hálfleik er skot Caroline Weir small í stönginni. Það virtist vekja íslenska liðið af værum blundi og það stjórnaði ferðinni það sem eftir var leiks. Það voru þó Skotar sem skoruðu eina markið í seinni hálfleik, Jane Ross gerði það úr vítaspyrnu á 56. mínútu eftir að Sara Björk Gunnarsdóttir braut á Lisu Evans innan vítateigs.

### Skarð Hörpu vandfyllt

Frammistaðan í seinni hálfleik var mun betri en í þeim fyrri en mörkin vantaði. Harpa Þorsteinsdóttir skilur eftir sig stórt skarð og helsti hausverkur Freys fram að lokakeppninni í Hollandi verður að fylla það. Berglind Björg Þorvaldsdóttir byrjaði líkt og gegn Slóveníu og átti ágætis spretti og lagði upp markið en þarf að gera betur.

Freyr á svo annan ás uppi í erminni sem heitir Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir. Hún var eins konar tólfti maður íslenska liðsins í undankeppninni og átti öflugar innkomur, eins og í leiknum í gær. Gunnhildur gerir tilkall til byrjunarliðssætis og það hlýtur að vera freistandi fyrir Frey að stilla upp miðju sem samanstendur af Gunnhildi, Söru Björk og Dagnýju Brynjarsdóttur. Þær búa allar yfir gríðarlega mikilli hlaupagetu, eru góðar að pressa og þessi samsetning gæti nýst vel gegn sterkari liðum.

Tapið fyrir Skotum er þó aðeins lítill blettur á frábærri undankeppni hjá íslenska liðinu. Það vann sjö leiki af átta, skoraði 34 mörk og fékk aðeins tvö á sig. Ísland stjórnar leikjum betur en það gerði áður og hápressa liðsins er orðin mjög árangursrík. Jákvæðu punktarnir eru því miklu mun fleiri en þeir neikvæðu eins og Freyr benti á.

„Við sýndum hversu góð við getum verið. Leikurinn úti í Skotlandi er klárlega besti leikur sem við höfum spilað. Við höfum líka þroskast mikið sem lið, umgjörðin hefur stækkað og leikmenn hugsa mjög vel um sig,“ sagði Freyr.

Tæpt ár er þangað til flautað verður til leiks í lokakeppninni í Hollandi og Freyr segir að íslenska landsliðið verði að nýta tímann fram að því vel. **ingvithor@365.is**

## Lykilleikmenn

**GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR**
**markvörður**



Ísland náði þeim einstaka árangri að halda hreinu í sjö af átta leikjum í undankeppninni. Guðbjörg átti stóran þátt í því en hún lék í sjö af leikjunum átta. Hafði ekki alltaf mikið að gera en var ávallt vel vakandi og greip vel inn í.

**HALLBERA GUÐNÝ GÍSLADÓTTIR**
**vinstri bakvörður**



Algjör lykilmaður í íslenska liðinu. Hallbera var sífellt ógnandi en fyrirgjafir hennar eru á heimsmælikvarða. Hallbera spilaði hverja einustu mínútu í undankeppninni, skoraði tvö mörk, gaf fimm stoðsendingar og var hluti af vörninni frábæru.

**HARPA ÞORSTEINSDÓTTIR**
**framherji**



Var ekki með góða markatölfræði þegar Freyr Alexandersson tók við landsliðinu en hann gaf henni traust og það margborgaði sig. Harpa blómstraði í undankeppninni þar sem hún skoraði 10 mörk, fleiri en nokkur annar leikmaður, og lagði upp fjögur til viðbótar. Og hún gerði þetta allt í sex leikjum en hún er sem kunnugt er barnshafandi og óvíst með þátttöku hennar í lokakeppninni.




**Takk fyrir.** Stelpurnar þökkuðu fyrir stuðninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýjast

**Undankeppni EM**

**Ísland - Skotland 1-2**
0-1 Jane Ross (25.), 1-1 Fanndís Friðriksdóttir (40.), 1-2 Jane Ross, víti (56.).

**H-Rússland - Slóvenía 2-2**

**Lokastaðan**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Ísland | 21 | Hvíta-Rússl. | 6 |
| Skotland | 21 | Makedónía | 0 |
| Slóvenía | 9 | | |

**Enski deildabikarinn**

**Nott. Forest - Arsenal 0-4**
0-1 Granit Xhaka (23.), 0-2 Lucas Perez (60.), 0-3 Lucas Perez (71.), 0-4 Alex Oxlade-Chamberlain (90.).

**Leeds - Blackburn 1-0**
1-0 Chris Wood (84.).

**Bournemouth - Preston 2-3**
0-1 Simon Makienok (11.), 1-1 L. Grabbam (52.), 2-1 Dan Gosling (76.), 2-2 S. Makienok (85.), 2-3 S. Makienok (111.).

**Everton - Norwich 0-2**
0-1 S. Naismith (41.), 0-2 J. Murphy (74.).

**Derby - Liverpool 0-3**
0-1 Ragnar Klavan (24.), 0-2 Philippe Coutinho (50.), 0-3 Divock Origi (54.)

**Brighton - Reading 1-2**
0-1 Stephen Quinn (32.), 0-2 John Swift (54.), 1-2 Tommer Hemed (85.).

**Newcastle - Wolves 2-0**
1-0 Matt Ritchie (29.), 2-0 Y. Gouffran (31.).

**Leicester - Chelsea 2-4**
1-0 Shinji Okazaki (17.), 2-0 Shinji Okazaki (34.), 2-1 Gary Cahill (45.), 2-2 Cesar Azpilicueta (50.), 2-3 Cesc Fabregas (92.), 2-4 Cesc Fabregas (94.).

**ÞAÐ MUN EINHVER DEYJA**
Bardagakonan Cris Cyborg, sem er ein sú stærsta í bransanum, berst öðru sinni á ferlinum í UFC um helgina þegar hún mætir Linu Lansberg í aðalbardaga kvöldsins á UFC Fight Night 95 í Brasilíuborg. Þessi 31 árs gamla brasilíska bardagakona, sem heitir réttu nafni Cristiane Justino, þarf að skera sig niður um ellefu kíló fyrir bardagann. Cyborg þarf að léttast um ellefu kíló en hún upplýsti það í útvarpsþætti Ariel Helwani, virtasta MMA-blaðamanns heims, í gær að hún væri 76 kg núna og að henni gengi bölvanlega að léttast. Svona mikill niðurskurður á svo skömmum tíma er bókstaflega hættulegur eins og gefur að skilja.

„Ég hef ekki náð 68 kg enn þá í æfingabúðunum. Þetta lítur illa út. Ég leit í spegil og ég bara skil ekki af hverju ég næ ekki þessari þyngd,“ segir Cyborg.

Haraldur Dean Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars Nelson, hefur lengi talað gegn þessum svakalega niðurskurði. Haraldur deilir frétt vefsins MMA Mania á Facebook sem fjallar um málið og skrifar: „Þetta er svo yfirgengilega og ótrúlega heimskt. UFC verður að stöðva þetta áður en einhver deyr við að skera sig niður fyrir bardaga.“



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **17.55** | **Real Madrid - Villarr.** | Sport 3 |
| **17.55** | **Leverkusen - Augsb.** | Sport 4 |
| **18.40** | **Northa. - Man. Utd** | Sport |
| **18.40** | **Swansea - Man. City** | Sport 2 |
| **19.55** | **Barcelona - A. Madrid** | Sport 3 |





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. september 2016

36. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Óttast ekki samkeppni ef allir sitja við sama borð

Festi er eitt stærsta fyrirtækið í smásölu á Íslandi. Stöðugar áskoranir fylgja slíkum rekstri og samkeppnin vex. Jón Björnsson segir kaupmenn almennt standa sig vel og tilbúna til að mæta nýjum áskorunum.

»4



# Fjárfesting í innviðum hefur skilað sér

**Vöxtur hagnaðar án einskiptisaðgerða og skipulagsbreytinga nam rúmum átta prósentum hjá Sjóklæðagerðinni 66°NORÐUR á milli áranna 2014 og 2015. Gríðarleg fjárfesting hefur verið í vöruþróun, markaðssetningu og verslunum fyrirtækisins á síðastliðnum árum.**

Sjóklæðagerðin 66°NORÐUR hagnaðist um rúma tvo milljarða á síðasta ári. Séu einskiptisaðgerðir og skipulagsbreytingar teknar út fyrir sviga nemur hagnaður félagsins 178 milljónum króna og nam vöxtur hagnaðar hjá fyrirtækinu rúmum átta prósentum á milli ára.

„Við gerðum á árinu ákveðnar skipulagsbreytingar sem kalla á skýringar. Fyrirtækið er ekki að skila methagnaði þótt tölurnar gætu við fyrstu sýn gefið annað í skyn,“ segir Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri Sjóklæðagerðarinnar 66°Norður.

Á árinu ákváðu eigendur félagsins að skipta félaginu upp í tvær einingar og er breytingin gerð til þess að skilja að ólíka þætti rekstursins, annars vegar framleiðslu útivistar- og vinnufatnaðar undir hatti Sjóklæðagerðarinnar, en hins vegar framleiðslu ullar- og gjafavöru undir félaginu Rammagerðin Holding. Við þessa breytingu myndaðist söluhagnaður í bókum Sjóklæðagerðarinnar upp á rúmar 1.852 milljónir króna. Félögin eru bæði að fullu í eigu eignarhaldsfélags í eigu hjónanna Helga Rúnars Óskarssonar og Bjarneyjar Harðardóttur.

Rekstrartekjur Sjóklæðagerðarinnar námu 3,5 milljörðum króna árið 2015 og drógust saman milli ára. Eigið fé nam 2,3 milljörðum í árslok og hækkaði um tæpa tvo milljarða milli ára, meðal annars vegna breytinganna.

„Afkoman er ásættanleg og reksturinn hefur gengið vel,“ segir Helgi. „Aukin kaup Íslendinga á merkinu og fjölgun ferðamanna hefur hjálpað til. Við erum búin að vera að styrkja línuna okkar mikið og bæta inn mörgum vörum,“ segir Helgi.

Fyrirtækið rekur tíu verslanir 66° Norður á Íslandi og tvær í Kaupmannahöfn í Danmörku. Auk þess starfrækir Rammagerðin (í eigu hjónanna) sex verslanir. „Það er búið að ganga mjög vel í Kaupmannahöfn, við erum að sjá góða söluaukningu í búðinni sem er búin að vera opin lengur en í eitt ár. Við munum einbeita okkur að því að reka þessar verslanir vel en svo sjáum við til hvort við opnum aðrar í Kaupmannahöfn eða annars staðar. Það er ekkert sem við erum búin að negla niður, við erum bara að skoða það,“ segir Helgi.

Að sögn Helga fer langstærsti hluti sölunnar í Rammagerðinni til ferðamanna. „En við sjáum að Íslendingar eru í auknum mæli að kaupa hjá okkur þar íslenskt handverk. Íslendingar eru svo langstærsti viðskiptamannahópur 66°Norður á Íslandi.“

Helgi segir að gott gengi hjá félaginu megi rekja til mikillar uppbyggingar innan fyrirtækisins. „Við höfum notað mikið fjármagn í að fjárfesta í vörulínunni, markaðssetningunni og nýjum verslunum undanfarin ár. Við viljum leggja áherslu á að svona hlutir gerast ekki af sjálfum sér.“ **saeunn@frettabladid.is**



**Sjóklæðagerðin er í eigu hjónanna Helga Rúnars Óskarssonar og Bjarneyjar Harðardóttur.** MYND/66°NORÐUR

## Vikan sem leið

**162**

**milljóna króna hlutafjáraukning**

Nýsköpunarfyrirtækið Takumi tilkynnti í vikunni um 1,4 milljóna dollara, 162 milljóna króna, hlutafjáraukningu frá breskum englafjárfestum. Norðurskautið greinir frá því að heildarfjárfesting í fyrirtækinu nemi nú 3,3 milljónum dollara, 380 milljónum króna. Fyrirtækið leiðir saman áhrifavalda á samfélagsmiðlum (e. influencers) og fyrirtæki sem vilja koma vörum sínum á framfæri.

**38,6**

**milljóna hagnaður**

Á árinu 2015 hagnaðist Ísbúðin Valdís um 38,6 milljónir króna, samanborið við 40,2 milljónir árið áður. Eigið fé félagsins í árslok 2015 nam 39,5 milljónum króna, samanborið við 40,9 milljónir króna árið 2014. Eignir námu 52,2 milljónum, samanborið við 54,6 milljónir árið áður. Hlutafé félagsins skiptist milli Gylfa Þórs Valdimarssonar og Önnu Svövu Knútsdóttur.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Hafliði Helgason hafliði@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

## Lyfjarisinn Allergan kaupir Tobira

Forsvarsmenn lyfjarisans Allergan tilkynntu í gær að félagið væri að kaupa Tobira Therapeutics, sem framleiðir lyf fyrir lifrarsjúkdóma. Yfirtökutilboðið nemur 1,7 milljörðum dollara, jafnvirði 195 milljarða íslenskra króna.

Wall Street Journal greinir frá því að Allergan muni borga 28,35 dollara, 3.200 krónur, á hvern hlut í fyrirtækinu, sem var langt yfir markaðsvirði félagsins á mánudaginn.

Gengi hlutabréfa í Tobira fór á fleygiferð upp við tilkynninguna og hækkaði gengi þeirra um rúmlega 700 prósent. Markaðsvirði fyrirtækisins tæplega tífaldaðist milli daga við tilkynninguna. Gengi hlutabréfa í Allergan lækkaði hins vegar um 2,5 prósent í kjölfar fregnanna í gær.

Tobira sérhæfir sig í meðferð á lifrarsjúkdómi sem tengist offitu og sykursýki tvö. Brent Saunders, forstjóri Allergan, segir að sjúkdómurinn verði líklega einn af algengustu langvarandi sjúkdómunum á faraldsstigi í framtíðinni, í ljósi aukningu á offitu og sykursýki. Sjúkdómurinn hrjáir nú þegar fimm prósent Bandaríkjamanna. **– sg**



**» Kaupverðið nemur 1,7 milljörðum dollara, jafnvirði 195 milljarða króna.**

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 78271 01/2016




ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR


Hera Björk
Ilmur af jólum
Jólatónleikar í Grafarvogskirkju
26. nóvember kl. 20.00
Hera Björk • Lisa Angell • Kristinn Sigmundsson • Greta Salóme • Friðrik Dór
Karlakór Kjalnesinga og sönghópurinn Harmonia ásamt hljómsveit
undir stjórn Óskars Einarssonar
Miðasala á midi.is
Góa
Stofnað 1968

Hafliði
Helgason
hafliði@frettabladid.is





# Ef keppinauturinn gerir betur þá þarf að herða sig

Festi sérhæfir sig í verkefnum sem tengjast smásölu. Reksturinn gengur vel undir stjórn Jóns Björnssonar sem hefur aflað sér mikillar reynslu og þekkingar á sviði smásölu bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Jón Björnsson, forstjóri Festi sem á og rekur meðal annars Krónuna, Elko og Intersport, á að baki langan feril í smásöluverslun, bæði hér á landi og erlendis. „Það má segja að ég hafi verið meira og minna tengdur smásölu frá því að ég byrjaði að vinna í Austurveri hjá Jóa í Bónus tólf ára gamall.“

Ferill Jóns frá þeim tíma er fjölbreyttur þar sem hann hefur snert á flestum hliðum smásöluverslunar og einnig verið birgjamegin. Hann var markaðsstjóri Nóa Síríusar strax eftir nám. Eitt leiddi af öðru og Jón starfaði fyrir Hagkaup og síðan Haga.

**Magasin mikil áskorun**

Árið 2007 tókst Jón á hendur að stýra hinu sögufræga vöruhúsi Magasin du Nord í Kaupmannahöfn. „Það var mikil áskorun,“ segir Jón. Skömmu eftir að hann hóf að breyta rekstrinum dundi fjármálakreppan yfir. „Þetta var gríðarleg vinna og ætli maður hafi ekki lært meira á þessum tólf mánuðum sem það versta dundi yfir en allan tímann á undan. Ég vann með frábæru teymi og þetta sýndi mér hvað er hægt að ná miklum árangri á skömmum tíma með góðum hópi.“

Debenhams keypti Magasin og Jón hélt áfram næstu þrjú árin. „Magasin hefur gengið ævintýralega vel frá árinu 2010.“ Rekstur Magasin de Nord hafði gengið illa frá árinu 1996. Jón segir það taka tíma að ná í gegn breytingum í 150 ára fyrirtæki. „Teymið sem ég vann með er þarna enn og mér finnst gaman að heimsækja þau og fylgjast með árangrinum sem þau hafa náð.“

**Í stjórn Åhlens**

Eftir tímann hjá Magasin sneri Jón heim. Hann settist í stjórn sænsku verslanakeðjunnar Åhlens sem veltir um hundrað milljörðum íslenskra króna og stjórn Boozt.com sem er ein stærsta netverslun með föt í Skandinavíu. Hann situr enn í stjórnum þessara fyrirtækja.

Eftir stuttan stans í ráðgjöf og fleiri verkefnum dró smásalan hann til sín aftur. Jón segist hafa séð tækifæri á smásölumarkaði og hafði frumkvæði að því að koma að þeim fyrirtækjum sem eru í eignasafni Festi. „Mér fannst liggja tækifæri í að gera betur og auka samkeppni. Í fyrirtækinu eru góð vörumerki, gott starfsfólk og góð staðsetning búða. Ég sá tækifæri í að efla þetta enn frekar og ég held að það hafi tekist.“

**Nýtt vinnulag**

Jón segir lærdóminn af vinnunni á Norðurlöndunum hafa eflt sig. „Ég veit kannski ekkert meira um smásöluverslun en margir sem störfuðu fyrir hjá fyrirtækinu, en ég held að

SHARP SJÓÐVÉLAR
40 ÁR Á ÍSLANDI

ÖRUGGAR OG ENDINGARGÓÐAR



XE-A147B

8 Vöruflokkar · 200 PLU númer · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · Rafrænn innri strimill · Mjög auðveld í notkun
**Verð kr. 49.900**



XE-A207B

99 vöruflokkar · Allt að 2000 PLU númer · Rafrænn innri strimill 9000 línur · Stór LCD skjár · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · íslenskur strimill· Mjög auðveld í notkun
**Verð kr. 74.900**



XE-A307

99 vöruflokkar · Allt að 10,000 PLU númer · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · íslenskur strimill · Mjög auðveld í forritun
**Verð kr. 89.900**

ORMSSON.IS ORMSSON LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

# EIKI FEITI OG MAGGI BETRUMBÆTA TEXASBORGARA

**Texasborgarar kynna** Texasborgarinn vinsæli hefur nú gengið í gegnum mikla endurnýjun með hjálp Eika feita. Allt er breytt og bætt; hamborgarinn, brauðið, sósan og meðlætið. Pitsurnar hafa aldrei verið betri.

Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður í Texasborgurum á Grandagarði, hefur fengið gamlan samstarfsmann til liðs við sig til að endurhanna hinn sívinsæla Texasborgara. Það er enginn annar en Eiríkur Friðriksson sem þekktastur er undir nafninu Eiki feiti. „Eiki feiti er mikill hamborgarajaxl og ég fékk hann til að yfirfara og betrumbæta Texasborgarann,“ segir Magnús Ingi. „Við erum að skipta um áherslur og gera allt betra, allt frá hráefni til framsetningar.“

Magnús Ingi upplýsir að nýju Texasborgararnir séu úr úrvals nautakjöti frá Kjötsmiðjunni og komi ferskir þaðan daglega. Þeir eru svo bornir fram í hamborgarabrauði án sesamfræja frá Myllunni, með fersku grænmeti og hamborgarasósunni frægu frá Eika feita ásamt krullufrönskum sem slegið hafa í gegn.

Þeir félagar lærðu saman á Hótel Sögu í gamla daga og hafa haldið góðu sambandi í gegnum tíðina. „Eiki er búinn að vera í bransanum í mörg ár og kann þetta allt saman,“ segir Magnús Ingi. Hann rak Eikaborgara og hamborgarastað sem hét Eiki feiti og stofnaði Salatbarinn og fleiri staði. Svo er hann sprenglærður frá Bandaríkjunum og rak þar veitingastað sem hét Tveir feitir kokkar eða Two Fat Chefs. Við erum mjög ánægðir með samstarfið og ég hlakka til að bjóða upp á nýjan og enn betri Texasborgara.“ Eiki feiti bætir við að góðir hamborgarar eins og fást núna á Texasborgurum séu toppurinn. „Hamborgari er einn vinsælasti skyndibitinn á Íslandi í dag og við lofum að þessi er góður.“

Verðið er líka einstaklega gott á Texasborgurum. Vinsælasta tilboðið er Texas-ostborgari með krullufrönskum og gosdós á aðeins á 1.590 kr. Svo er hægt að bæta við bernaise-sósu, kokteilsósu, eggi og beikoni fyrir klink.

Texasborgarar er fjölskylduvænn veitingastaður í skemmtilegu umhverfi á Grandagarði innan um fjölda veitingastaða sem þar hafa sprottið upp að undanförnu og áhugaverðra safna. Boðið er upp á Emmessís fyrir börnin í eftirmat meðan birgðir endast.

Auk hamborgaranna bjóða Texasborgarar upp á Texas-pitsur með amerísku ívafi á frábæru verði, allar á 1.590 kr. „Texmexpitsan er mjög vinsæl,“ segir Magnús Ingi. „Hún er með Texas-pitsusósu, mozzarella-osti, nautahakki, rauðlauk, papriku, jalapeño og chili-flögum. Sannarlega amerísk og sterk. Aðrar pitsur, eins og Texas-kjöthátíðin, Texas-BBQ og Texas-grænmetis koma líka sterkar inn.“



„Eiki feiti er mikill hamborgarajaxl og ég fékk hann til að yfirfara og betrumbæta Texasborgarann,“ segir Magnús Ingi. MYND/EYÞÓR



Nýju Texasborgararnir eru úr úrvals nautakjöti frá Kjötsmiðjunni, bornir fram í hamborgarabrauði án sesamfræja frá Myllunni, með fersku grænmeti og hamborgarasósunni frægu frá Eika feita ásamt krullufrönskum. MYND/EYÞÓR

**Nánari upplýsingar**
á texasborgarar.is og Facebook.

**2 FYRIR 1**

af Texas-ostborgurum með krullufrönskum gegn framvísun þessa miða.

Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo.

Klipptu miðann út og taktu hann með þér.

*Texasborgarar.is*
*S: 517-3130*

*Gildir til 31.10.2016.*

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.
Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

FRÉTTABLAÐIÐ

57,4%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, apríl–júní 2016.




Allt sem þú þarft ...

# LEIKHÚSIÐ BEST Í BLAND VIÐ TÓNLIST

**Eyþór Ingi Gunnlaugsson** tónlistarmaður treður upp í Salnum annað kvöld en hann verður fyrsti gestur Jóns Ólafssonar í röð tónleikaspjallsins Af fingrum fram sem fram fer í vetur. Um helgina heldur Tónleikaröð Eyþórs áfram.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Við erum búnir að kíkja eitthvað á þetta en meiningin er samt að þetta sé frekar spontant. Það er eiginlega bara skemmtilegra ef eitthvað klikkar. Þetta verður létt og heimilislegt,“ segir Eyþór Ingi Gunnlaugsson tónlistarmaður, en hann verður fyrsti gestur Af fingrum fram, tónleikaspjalls Jóns Ólafssonar í Salnum.

Tónleikarnir fara fram annað kvöld og segist Eyþór spenntur fyrir kvöldinu.

„Við höfum reyndar gert þetta áður og þá var mikið stuð og mikið hlegið. Þarna er mikið spjallað og farið yfir ferilinn, söngleikina og hljómsveitirnar og hvað á daga manns hefur drifið. Svo er bara verið að deila reynslusögum og fíflast eitthvað.“

Tónleikarnir annað kvöld eru þó ekki það eina sem stendur til hjá Eyþóri. Strax á föstudaginn leggur hann land undir fót með Tónleikaröð Eyþórs. Næstu viðkomustaðir eru Akranes og Selfoss.

„Ég hef verið að koma fram víða um land, einn með kassagítar, rafmagnsgítar, bassatrommu og píanó. Þar glittir í ýmsar hliðar á mér, ég tek nokkur lög eftir sjálfan mig og tek einnig fyrir nokkra áhrifavalda í tónlist og svo nokkur lög sem mig langar til að flytja. Inn á milli laga hef ég svo verið að taka eftirhermur,“ segir Eyþór en vill þó ekki ganga svo langt að segjast á kafi í eftirhermubransanum. „Ég á það til að taka eina og eina í einhverjum fíflaskap,“ segir hann. *Hverjum ertu bestur að herma eftir?* „Það er allur gangur á því hverja ég tek fyrir. Fólk verður svo bara að meta hvernig til tekst,“ segir hann hlæjandi.

Tónlistin hefur verið aðalstarf Eyþórs undanfarin ár og eftir helgina taka við fleiri tónleikar, meðal annars í Græna herberginu í Reykjavík og í október ferðast hann um Austurland og heldur tónleika í Egilsbúð og í Valaskjálf.

„Ég hef getað unnið við tónlist meira og minna síðustu átta ár. Svo er ég svo heppinn að þegar lítið er að gera í tónlistinni hef ég dottið inn í leikhúsin,“ en Eyþór fór meðal annars með hlutverk í Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu. Þá söng hann í Rocky Horror á Akureyri, í Hárinu og Jesus Christ Superstar.

*Togar leikhúsið jafnvel meira í þig en tónlistin?* „Stundum gerir það það. Mér finnst þó best að hafa þetta í bland, ég veit ekki hvort ég þrifist eingöngu í leikhúsinu, tónlistin á það stóran hluta í mér.“



Eyþór Ingi Gunnlaugsson tónlistarmaður treður upp í Salnum annað kvöld. MYND/ANTON BRINK

Þetta starf þýðir þó að helgarnar eru aðalvinnutími Eyþórs og nokkur jafnvægislist sé fólgin í því að samræma það fjölskyldulífinu.

„Ég er heima þegar enginn annar er heima og minnsta stýrinu finnst pabbi reyndar vera full lítið heima. En þetta gengur alveg.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*



IÐNFYRIRTÆKI TIL SÖLU

Rótgróið iðn- og þjónustufyrirtæki með 34 ára sögu er nú til sölu.

Um er að ræða skerpingarverkstæði og rekstur verslunar í Kópavogi. Fyrirtækið vinnur fyrir álver og stærstu trésmíðaverkstæði landsins og hefur leiðandi stöðu á sínu sviði. Góð vaxtartækifæri.

Rekstur fyrirtækisins er nú til sölu ásamt stórum vélasal. Væntanleg ársvelta 2016 um 50 milljónir króna. Hjá fyrirtækinu starfa tveir starfsmenn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 840-3425.



Stórsýning ársins

Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

28. – 30. september 2016

Fjöldi íslenskra og erlendra fyrirtækja sýna allt það nýjasta í tækjum og þjónustu við sjávarútveginn.

Sýningin er opin:
Miðvikudag: 28. sept. 15.00-19.00
Fimmtudag: 29. sept. 10.00-18.00
Föstudag: 30. sept. 10.00-18.00
Allar nánari upplýsingar á www.icelandfishexpo.is

ICELAND FISHING EXPO 2016
Sjávarútvegur 2016

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Alhliða málningarþjónusta.Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Hljóðfæri



**HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL**

HYUNDAI píanó til sölu, ásamt bólstruðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

## Vélar og verkfæri




## Til byggingа



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**

150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500




# ATVINNA

## Atvinna í boði

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

Starfsfólk vantar í hlutastörf í bakaríið okkar á Tjarnavöllum. Vinnutími 07-12:30 og 12:30-18. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

**ATH - ATH - ATH !!**

Gamla smiðjan Lækjargötu 8 og Þrastalundi. Við erum að leita að metnaðarfullu, jákvæðu, kraftmiklu fólki til að veita afburðagóða þjónustu. Fullt starf og hlutastarf.

**Allar nánari upplýsingar í s. 661-7000**

**LEBOWSKI BAR**

óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

# Keilugrandi 8



**OPIÐ HÚS**

**miðvikudaginn 21.sept. kl.17:30-18:00**



**Jason Kristinn Ólafsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

2ja herbergja íbúð
Sérafnotaréttur
Pallur
Mikil þjónusta í næsta nágrenni

Verð: **30,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir til gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustu árið 2016

Velferðarráðuneytið auglýsir styrki vegna gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustu árið 2016. Að þessu sinni er sérstök áhersla lögð á verkefni sem eru til þess fallin að auka samfellu og samhæfingu í meðferð sjúklinga milli heilsugæslu, sérfræðiþjónustu og sjúkrahúsa.

Í styrkumsókn skulu eftirfarandi atriði m.a. koma fram: Markmið verkefnis, framkvæmdaáætlun og hvernig nýta megi niðurstöður til að auka öryggi og gæði heilbrigðisþjónustunnar. Sótt skal um í nafni einstakra stofnana og/eða starfseininga.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið ásamt nánari upplýsingum aðgengilegt á vef velferðarráðuneytisins, www.velferdarraduneyti.is.

**Umsóknarfrestur er til kl. 12.00 á hádegi, miðvikudaginn 12. október 2016.**

*Velferðarráðuneytinu, 21. september 2016.*

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## STUÐNINGSFULLTRÚAR Á NÝTT HEIMILI FYRIR FATLAÐ FÓLK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir stuðningsfulltrúum á nýtt heimili 5 einstaklinga með fjölfötlun sem opnar í desember n.k. Starfshlutfall er 40 - 100% og viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstörf er að ræða.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Einstaklingsmiðaður persónulegur stuðningur við íbúa í þeirra daglega lífi, jafnt innan sem utan heimilis.
- Hvetur og styður íbúa til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni.
- Stuðlar að góðum samskiptum við aðstandendur íbúa.
- Tekur þátt í þróunarstarfi undir stjórn forstöðumanns.

**Hæfniskröfur**

- Góð almenn menntun.
- Félagsliðamenntun eða sambærileg menntun æskileg.
- Reynsla af starfi með fötluðum æskileg.
- Íslenskukunnátta.
- Framtakssemi, áreiðanleiki, heiðarleiki og jákvæðni í starfi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkennd og frumkvæði.
- Hæfni til að takast á við krefjandi vinnuumhverfi/verkefni.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birgir Freyr Birgisson forstöðumaður í síma 821-4600 eða með því að senda fyrirspurnir á birgir@birgir.org

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

Umsóknarfrestur er til **28. september 2016**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**



Jón Björnsson, forstjóri Festi, óttast ekki samkeppni ef allir sitja við sama borð

ég hafi komið með ákveðið vinnulag sem ég var orðinn vanur af því að vinna erlendis sem hafi nýst félaginu.“

Jón segir að í grunninn byggist öll starfsemin á fremur einföldum markmiðum. „Við hugsum alltaf um að finna réttu vöruna fyrir neytandann og koma henni sem ódýrast til neytandans. Til þess að geta það, þá þarf að fara í gegnum alls konar ferla.“ Jón segir að ákveðinn fábreytileiki sé innbyggður í markaðinn vegna smæðar hans, fárra seljenda inn á hann og takmarkana sem lúta að ákveðnum landbúnaðarvörum. Sérstaklega mjólkurvörum. „Ég trúi því að það að gera betur en keppinautur minn til þess að neytandinn elski mig meira en hann, krefjist þess að ég þurfi að leggja mig fram. Ef þessi hvati fer, þó maður sé vel meinandi, þá leggur maður sig ekki eins mikið fram. Ég held að íslenskur landbúnaður yrði betri ef hann fengi meiri samkeppni.“ Hann segir reynsluna annars staðar frá sýna að neytendur sækist eftir vörum úr nærumhverfi sínu. „Neytandinn vill hafa frelsi til að velja og ég held að mjólkuriðnaður á Íslandi yrði mun betri ef hann fengi samkeppni. Mér þykir til dæmis miður að geta ekki boðið viðskiptavinum okkar upp á lífræna mjólk. Þar er einn lítill framleiðandi og ég get boðið upp á vöruna í einni búð.“

**Kaupmenn vilja innlent**

Jón segir kaupmenn vera áfram um íslenska framleiðslu, þar sem aðfangakeðja sé styst og ferskasta varan. „Gagnvart lambakjöti erum við í þeim vandræðum að neyslan á vörunni er að minnka, en við höldum áfram að framleiða jafn mikið. Þurfum við þá ekki að skoða það vandamál sérstaklega, burtséð frá styrkjunum? Annaðhvort verðum við að selja meira eða minnka framleiðsluna.“

Jón segir umræðuna fasta í skotgröfum og vill færa hana upp á lausnamiðaðra stig. „Mér finnst við þurfa að nýta ferðaþjónustuna betur til að koma lambakjöti á framfæri. Lambakjöt er tiltölulega ódýrt kjöt miðað við gæði. Ég vil sjá menn mætast í því að finna lausnir frekar en að kenna hver öðrum um. Ég skil ekki hvers vegna pólitíkin ýtir ekki búvörusamningnum til baka til hagsmunaaðila og segir: Leysið þið málið.“ Jón segir að það sé nærtækast að þeir sem best þekkja setjist niður og leiti að leiðum til að ná meiri árangri.

**Bætum ekki við áhyggjum**

Auk þess að vera félag um rekstur smásölufyrirtækja er Festi einnig fasteignafélag sem sérhæfir sig í húsnæði fyrir verslun. „Við viljum vera virkir í kaupum og þróun á smásölufasteignum.“ Allt sem lýtur að smásölu er á áhugasviði fyrirtækisins. „Við bætum ekki við okkur fyrirtækjum bara til að stækka. Það væri bara að bæta á sig áhyggjum. Ef við sjáum að þekking okkar nýtist eða við náum fram hagræðingu við þann rekstur sem þegar er fyrir hendi, þá myndum við skoða það.“

Festi hefur sótt um að reisa bensíndælur við verslanir sínar eins og víða þekkist. „Reykjavík virðist vera búin að loka á alla frekari samkeppni á olíumarkaði og þar með afhenda núverandi olíufélögum einkaleyfi á eldsneytissölu. Kópavogur hefur reyndar samþykkt, en það þarf fleiri stöðvar til að ná þeirri stærð að geta gert hagkvæm innkaup á eldsneyti. Við höfum talið að það séu tækifæri til að auka samkeppni í eldsneytissölu, nýta lóðir við verslanir og þann bílafjölda sem kemur að búðunum. Þar sjáum við að við getum gert gagn.“ Jón segir að þótt málið sé svona statt, þá hafi þetta brölt þeirra orðið til þess að olíufélögin brugðust við væntanlegri samkeppni og tvö ný lágverðsmerki í bensínsölu litið dagsins ljós, Dælan og OrkanX.

**Samkeppnishæf í álagningu**

Frekari samkeppni er væntanleg á smásölumarkaði. Mikið hefur verið rætt og ritað um komu Costco til Íslands. „Það er gott í allri umræðu að skoða vel staðreyndirnar og þær eru til.“ Jón segir að Costco sýni veltu á hverja búð í ársreikningum sínum. „Þeir munu velta um tólf milljörðum á búðinni á markaði sem er milli 250 og 300 milljarðar í veltu. Þannig að þetta er um fjögur prósent af markaðnum sem dreifist á mjög marga, matvöru, byggingarvörur, raftæki og fleira.“ Jón segir að þessi hlutdeild verði tekin af smásölukeðjum, heildsölum og smærri verslunum. „Costco mun líka auka við neyslu, þar sem þeir verða með vörur sem ekki hafa fengist á Íslandi. Þeir eru hins vegar ekkert betri en við í að reka verslanir. Við erum með lægstu álagningu í öllum vöruflokkum okkar og algerlega samkeppnishæf við álagningu Costco. Við erum samkeppnishæf svo lengi sem innkaupsverð okkar er í lagi. Ef ekki, þá þurfum við að leggja okkur meira fram.“

**H&M hefur mikil áhrif**

Jón segir að hrósa megi íslenskum stjórnvöldum fyrir að hafa skapað grundvöll til að vera í samkeppni í sérvöru. „Skilyrðin í sérvöru, svo sem fatnaði, húsgögnum og raftækjum, eru orðin lík því sem gerist á Norðurlöndum. Við eigum því að geta boðið sambærilegt verð.“ Hann segir að þetta gildi því miður ekki um matvöruna.

Jón hefur skoðað áhrif Costco á markaði og telur að innkoma annarra kunni að breyta meiru. „Ég hef skoðað áhrif Costco á markað í Bretlandi og á Spáni og séð hvað gerðist. Annar aðili sem ég held að muni hafa miklu meiri áhrif er H&M. Ég hef skoðað hvað gerðist á markaði í Eystrasaltslöndunum við innkomu þeirra. Íslenskur fatamarkaður er lítill og þessir aðilar eru ekki að opna búðir til að selja fyrir einn milljarð. Þeir ætla sér mun meira með því að sækja inn á íslenskan markað með þrjár búðir. Það sem er jákvætt er að þeir munu flytja mikla verslun hingað heim.“

**Þurfa sömu skilyrði**

Jón segir að íslenskir kaupmenn standi sig vel. Hins vegar sé lykilatriði að þeir búi við sömu skilyrði og erlend samkeppni. „Ef fyrirtæki eins og okkar kaupir húsnæði, þá fjármögnum við það með íslenskum lánum á íslenskum vöxtum. Erlend keðja sem opnar hér getur fjármagnað bygginguna með erlendum vöxtum og ekki nóg með það, hún getur lánað sér sjálf og borgað sér vaxtagreiðslur og komist hjá að borga skatt á Íslandi. Þetta er ekki íslensk verðmætasköpun. Hér þurfum við að staldra við. Það er ekki eðlilegt að erlendu eignarhaldi sé gert hærra undir höfði en innlendu.“ Jón nefnir að skattayfirvöld hafi ekki heimilað Festi að miða rekstrarár sitt við annað tímabil en almanaksárið. Algengt er í verslunarrekstri víða um heim að miða við mars eða september sem upphafsmánuð rekstrarárs. „Ef maður getur ekki boðið jafn vel og keppnauturinn þá er ekkert að gera nema herða sig, ef allir þurfa að lúta sömu leikreglunum.“

**Ég skil ekki hvers vegna pólitíkin ýtir ekki búvörusamningnum til baka til hagsmunaaðila og segir: Leysið þið málið.**

Nafn á viðmælenda ekki punktur

**Við bætum ekki við okkur fyrirtækjum bara til að stækka. Það væri bara að bæta á sig áhyggjum.**

Nafn á viðmælenda ekki punktur

## Afkoma Festi

| | 2015-2016 | 2014-2015 |
|---|---|---|
| Heildarsala | 36.171 | 33.823 |
| Vörusala skv. ársreikningi | 35.708 | 33.275 |
| Framlegð af vörusölu | 7.670 | 6.904 |
| Leigutekjur fasteigna og aðrar rekstrartekjur | 1.255 | 1.230 |
| Hagnaður af sölu fasteigna | 204 | 0 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 3.578 | 3.382 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.085 | 2.176 |
| EBITDA | 3.466 | 2.576 |
| EBIT | 3.107 | 2.307 |
| Hagnaður | 1.479 | 1.009 |

**HELSTU NIÐURSTÖÐUR**

- **35,7 MILLJARÐAR** var velta félagsins
- **7,3%** var vöxtur í smásölu frá fyrra ári
- **97,8%** var útleiguhlutfall fasteigna
- **3,26 MILLJARÐAR** var EBITDA félagsins (*án einskiptishagnaðar af sölu fasteignar*) sem er bati um **27%**
- **47% MEIRI HAGNAÐUR** fyrir skatta en á fyrra ári
- **35,2 MILLJARÐAR** voru heildareignir félagsins
- **11,3 MILLJARÐAR** var eigið fé Festi eða **32,2%**
- **15%** var arðsemi eigin fjár

**4%**

**Jón reiknar með að Costco muni taka til sín fjögur prósent af 250 til 300 milljarða veltu á smásölumarkaði. H&M muni taka mun meira hlutfallslega af fatamarkaði á Íslandi.**


Inflúensu-bólusetningar

Læknar og hjúkrunarfræðingar Vinnuverndar ehf. koma í fyrirtæki og bólusetja gegn árlegri inflúensu.



Erum að taka niður bókanir í síma 578 0800 og á vinnuvernd@vinnuvernd.is

Vinnuvernd ehf.
Holtasmára1 | 201 Kópavogur | s: 5780 800
www.vinnuvernd.is | vinnuvernd@vinnuvernd.is

VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu

# Haldbær sjálfbærni



## Hin hliðin

**Herdís Sigurjónsdóttir**
framkvæmdastjóri, Viðbragð – Ráðgjöf og greining, umhverfis- og auðlindafræðingur

Sjálfbærni var ekki fundin upp með Brundtlands-skýrslu Sameinuðu þjóðanna árið 1987, en frá þeim tíma hefur hugtakið sjálfbær þróun (sustainable development) verið notað. Sjálfbær þróun var þar skilgreind sem sú þróun sem fullnægir þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa gengist undir skuldbindingar varðandi umgengni um þessa einu jörð, enda sameiginlegt viðfangsefni. Árið 2002 samþykkti íslenska ríkið landsstefnu um sjálfbæra þróun á Íslandi undir yfirskriftinni Velferð til framtíðar. Fjölmörg sveitarfélög og fyrirtæki hafa einnig sett fram leiðir til aukinnar sjálfbærni.

Sjálfbærnihugtakið vefst enn fyrir mörgum, en þó fullyrði ég að fáir telja sjálfbæra þróun snúast um flokkun á rusli eins og algengt var í upphafi. Í dag er talað um sjálfbærar borgir, sjálfbærar kauphallir og sjálfbærnistöðu fyrirtækja. Einnig er talað um sjálfbærni skulda og hvort ríkisfjármálin geti talist sjálfbær til lengri tíma. Á sama tíma og utanríkisráðherra Íslands ræddi við kanadískan og norskan kollega um samstarf á sviði sjávarútvegs og mikilvægi sjálfbærrar nýtingar á fiskistofnum birtust myndir af Hollywood-leikkonunni Emmu Watson. Emma klæddist síðkjól hönnuðum af Calvin Clein og Eco Age, sem var saumaður með sjálfbærni að leiðarljósi. Af þessu sést að sjálfbærni er augljóslega eftirsóknarverð, hvaða skilning sem fólk leggur í hana. Það verður að teljast góð þróun.

Í sumar fór ég með erlenda gesti um landið og úr þeirri ferð er mér minnisstætt hvað sjálfbærni kom oft upp í hugann daginn sem við snæddum í Efstadal II. Þó sá ég það hvergi á prenti. Sama ættin hefur búið á bænum síðan um 1850 og þar reka þau glæsilega ferðaþjónustu með gistingu, veitingastað þar sem boðið var upp á Efstadalssteikur og -borgara, kokteil úr mysu og silung úr nágrenninu. Eftir matinn gátum við notið þess að horfa á kýrnar í fjósinu á meðan við gæddum okkur á gómsætum ís, sem framleiddur er á staðnum, úr Efstadalsmjólk. Frábært dæmi um það hvernig hægt er að byggja upp og auka virði þess sem fyrir er, kynslóð fram af kynslóð.

Hvert og eitt getum við lagt okkar af mörkum hvort sem við stjórnum heimilum, fyrirtækjum eða ríkjum. Lítum okkur nær því þegar allt kemur til alls þá snýst sjálfbær þróun ekki um gildishlaðin orð á blaði, heldur um það sem framkvæmt er.

# Sígild bók kemur aftur út

Á morgun kemur alþjóðlega metsölubókin 7 venjur til árangurs (e. 7 Habits of Highly Effective People) út í nýrri útgáfu. „Bókin er orðin tuttugu og átta ára, en þetta er eitt af þessum klassísku ritum sem verður betra með hverju ári,“ segir Guðrún Högnadóttir, ritstjóri endurskoðaðrar þýðingar. Hún er framkvæmdastjóri og eigandi hjá Franklin Covey á Íslandi og Norðurlöndunum.

„Bókin var fyrst þýdd árið 1991 og seldist strax upp á íslensku. Við erum búin að vinna með vel á annað þúsund stjórnendum hér á landi með þetta efni síðustu árin og höfum alltaf verið beðin um íslenska útgáfu af bókinni, því erum við að verða við þeirri eftirspurn. Ég vann að endurþýðingu í sumar, í ljósi þess að hugtök og annað hafa breyst, þannig að hún er að koma út í nýrri mynd á fimmtudaginn,“ segir Guðrún.

Nýju útgáfunni fylgja umsagnir frá tuttugu og fimm íslenskum áhrifamönnum úr heimi viðskipta, menntamála, lista og almennings. „Það er gaman að segja frá því að umsagnaraðilarnir eru allt frá níu ára dreng upp í forstjóra nokkurra af tíu stærstu fyrirtækjum landsins. Þetta efni á mjög breiða skírskotun í íslenskt samfélag,“ segir Guðrún.

Bókin hefur selst í meira en tuttugu og fimm milljón eintökum á




tæpum fjörutíu tungumálum og trónir enn á topp-tíu lista NY Times yfir metsölubækur. „Þetta er sígild bók. Jim Collins, einn af frægustu höfundum í dag bæði í heimi akademíu og viðskiptalífs, skrifar inngang bókarinnar og kemst svo vel að orði að bókin nái að koma auga á stýrikerfi árangurs, einhvers konar undiröldu árangurs. Um leið og maður sækir þetta efni aftur heim þá verður þetta skýrara og einfaldara og árangurinn eftir því,“ segir Guðrún Högnadóttir. – sg






# Peningastefna Obama veldur verðhjöðnun



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur



Utanríkisstefna Baracks Obama Bandaríkjaforseta í peningamálum er talin valda verðhjöðnun með því að neyða ríki til stífari peningamálastefnu.

Þann 29. apríl gaf fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna út skýrslu um „gjaldeyrisstefnu helstu viðskiptalanda Bandaríkjanna“ þar sem birtur er nýr „vöktunarlisti“ til að meta „óréttmætt“ gjaldeyrisverklag helstu viðskiptalanda þeirra. Þessi skýrsla er birt hálfsárslega og byrjaði að koma út þegar fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna var gert skylt að skýra þinginu frá efnahags- og gengisstefnu helstu viðskiptalanda árið 1988 vegna „almennra laga um viðskipti og samkeppnishæfni“.

Yfirleitt vekur skýrslan ekki mikla athygli en á þessu ári er kannski meiri ástæða til að veita athygli breytingum á bandarískri „utanríkisstefnu í peningamálum“. Þannig leikur enginn vafi á því að væntanlegar forsetakosningar hafa ýtt bæði Demókrötum og Repúblikönum í átt til meiri verndarstefnu þar sem sérstaklega Donald Trump sakaði Kína um „gengisfölsun“ og lýsti því yfir að hann væri fylgjandi tollum á kínverskar vörur vegna gjaldeyrisverklags Kínverja.

### Fimm ríki á „vöktunarlistanum“

Í skýrslunni eru fimm ríki sett á „vöktunarlistann“: Kína, Þýskaland, Japan, Taívan og Suður-Kórea. Listinn er í sjálfu sér frekar undarlegur þar sem, í fyrsta lagi, Þýskaland er í myntbandalagi – evrunni – og getur því varla „átt við“ gengið. Í öðru lagi hafa þrjú af löndunum, Japan, Taívan og Suður-Kórea, fljótandi gengi og því er ekki hægt að segja að þau hagræði genginu þar sem það er fljótandi.

Reyndar eru Japan, Taívan og Suður-Kórea öll núna með verðbólgu vel undir tveimur prósentum (sem er verðbólgumarkmið seðlabanka bæði Suður-Kóreu og Japans) og þess vegna eru góð rök fyrir því að öll löndin þrjú ættu að hafa lausbeislaðri peningamálastefnu og þar af leiðandi veikari gjaldmiðla en nú er raunin.

### Bandaríkin flytja út herta peningamálastefnu

Að mínu mati sendir gjaldeyrisskýrslan mjög skýr skilaboð til landanna fimm sem eru á „vöktunarlistanum“ um að Bandaríkin gætu hugsanlega gripið til verndaraðgerða gegn þessum löndum ef þau halda ekki aftur af hugsanlegum gengislækkunum.

Það er eitt meiri háttar vandamál við þetta – það neyðir einfaldlega þessi ríki til að hafa stífari peningamálastefnu en annars væri tilfellið ef þau vilja ekki verða fyrir verndaraðgerðum Bandaríkjanna.

Stefnan virðist þegar farin að „virka“ – þannig hafa, síðan skýrslan var gefin út, gjaldmiðlar Japans, Suður-Kóreu og Taívans allir styrkst gagnvart bandaríska dollarnum. Útkoman er því miður sú að Bandaríkjunum „gengur vel“ að flytja út hertari peningamálastefnu, sem mun hafa þær afleiðingar að tilhneigingin til verðhjöðnunar í heimsbúskapnum, sem er sterk fyrir, mun styrkjast og sennilega minnka hagvöxt um allan heim.

Gjaldeyrisskýrsla fjármálaráðuneytis Bandaríkjanna er ekkert annað en tæki fyrir bandaríska stjórnmálamenn sem aðhyllast verndarstefnu, sem því miður gerir ekkert fyrir heimsbúskapinn (eða bandaríska hagkerfið) og ef þetta er það sem við fáum frá Obamastjórninni, sem á víst að aðhyllast frjálsa verslun, ímyndið ykkur þá þann verndarhrylling sem við gætum fengið með ríkisstjórn Trumps.









PIPAR\TBWA · SÍA

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 21. september 2016


**Íslenska úrvalsvísitalan**
1.742,61 -0,95%
▼ (-16,70)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti



Fyrsti dagur Regins í Kauphöllinni.

## Hækka Regin

Greiningardeild Arionbanka hefur hækkað verðmat sitt á Regin fasteignafélagi og mælir með kaupum. Að mati greiningardeildar var uppgjör Regins heldur lakara en búist var við, en það megi rekja til þess að endurskipulagning stendur yfir á nokkrum eignum félagsins.

Verðmat fasteignafélaga er fremur næmt fyrir ávöxtunarkröfu á markaði og lækkun stýrivaxta hefur því áhrif á verðmatið. Verðmatsgengi greiningardeildar Arionbanka er 28,1 en gengi félagsins á markaði í gær var 24,65. Greiningardeildin mælir því með kaupum á bréfum félagsins en síðasta verðmat Arion var 21,5 og var þá ráðgjöfin að draga úr vægi félagsins í eignasöfnum.

## Markvisst samgöngufé

Í dag kl. 9 verður ráðstefna í HR um markvissa notkun fjármuna til samgönguframkvæmda.

Aukið álag vegna ferðamanna kallar á endurbætur samgöngumannvirkja sem krefjast mikilla opinberra fjárútláta. Á málþinginu taka til máls ýmsir sérfræðingar um slík mál og varpa ljósi á hvernig best er að haga málum þannig að fjármunirnir nýtist sem best. Ekki veitir af.



Warren Buffet

## Buffet-maður í bankastjórn

Todd Combs, einn nánasti samstarfsmaður Warrens Buffet, hefur sest í stjórn bankans J.P. Morgan. Með þessu er talið að sjóður Buffets, Berkshire Hathaway, styrki enn frekar tengsl sín við fjármálageirann.

Combs er 45 ára gamall og bindur Buffet miklar vonir við hann og Ted Weschler sem eru næstráðendur Buffets. Í bréfi til hluthafa í febrúar sagði Buffet, sem er 86 ára gamall, að ráðning þessara tveggja væri meðal bestu ákvarðana sem hann hefði tekið. Búist er við að þessir tveir taki við sjóðnum þegar sá gamli yfirgefur skútuna, hvenær sem það nú verður.


UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 2.500
**NÝ HÓTELHERBERGI**

Greiningardeild Arion banka áætlar að um 2.500 hótelherbergi verði byggð í Reykjavík fram til ársins 2020. Í nýrri greiningu bankans um ferðaþjónustu kemur fram að 27 prósent framboðsaukning varð á hótelherbergjum á höfuðborgarsvæðinu milli 2010 og 2015. Ferðamönnum fjölgaði hins vegar um 175 prósent á sama tíma.

## 0,3
**PRÓSENT LÆKKUN**

Vísitala byggingarkostnaðar reiknuð um miðjan september 2016 er 131,2 stig (desember 2009=100) samkvæmt tölum Hagstofunnar sem er 0,3 prósenta lækkun frá fyrri mánuði. Lækkunina má aðallega rekja til um 0,6 prósenta lækkunar á innfluttu efni frá síðasta mánuði og lækkunar á vinnuliðum um 0,5 prósent milli mánaða. Vísitalan hefur hækkað um 2,6 prósent á síðustu tólf mánuðum.

**20.09.2016**

**Ég hef aldrei kiknað í hnjánum af aðdáun á ráðgjafarfyrirtækjunum stóru sem hafa það fyrir sið að senda sveitir unglinga inn í fyrirtæki, stofnanir og jafnvel sjálfstæð ríki með það að markmiði að greina ástand, sækja skilning á orsökum og búa til ráðleggingar um það hvernig best sé að gyrða sig í brók.**



Kári Stefánsson







SONY
49" 4K SJÓNVARP

Verð: 179.900 kr.

Sjáðu öll smáatriðin! Glæsilegt 4K Ultra HD sjónvarp með Android stýrikerfi.




SONY
40" FULL HD SJÓNVARP

Verð: 89.990 kr.

Örþunnt og flott Full HD sjónvarp. Frábær myndgæði, nettengjanlegt og innbyggt Wi-Fi.




SONY
SOUNDBAR HÁTALARAKERFI

Verð: 59.990 kr.

Stórt hljóð fyrir lítið pláss. Glæsilega hannað þráðlaust heimabíó.



BOSE
SOLO 5 HÁTALARAKERFI

Verð: 39.900 kr.

Upplifðu Bose gæði í stofunni. Frábært heimabíó sem passar fyrir allar gerðir sjónvarpa.



VIÐ HÖFUM GÓÐA REYNSLU AF ÞRÁÐLAUSUM GRÆJUM



BOSE
HEYRNARTÓL OG HÁTALARAR



SONY
HEYRNARTÓL OG HÁTALARAR



plantronics
HEYRNARTÓL

NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

Við höfum góða reynslu af framtíðinni

NÝHERJI / BORGARTÚNI 37, MÁN.-FÖS. KL. 9-18 & LAU. KL. 11-15 / KAUPANGI AKUREYRI, MÁN.-FÖS. KL. 9-17 / NETVERSLUN.IS

## 90 ára
### Guðlaug J.A. Einarsdóttir
**Fannborg 8, Kópavogi.**



Í dag, 21.9. 2016, er Guðlaug J.A. Einarsdóttir 90 ára. Þeim sem vilja samgleðjast henni er boðið til safnaðarheimilis Digraneskirkju í Kópavogi laugardaginn 24.9. kl. 15.00.

# Mínir innstu sálarstrengir

**Sigurður Helgi Oddsson, tónskáld og píanóleikari, frumflytur lög sín ásamt sópransöngkonunni Unni Helgu Möller í Hannesarholti við Grundarstíg 10 í kvöld.**

„Þetta er frumraun mín sem tónskáld á opinberum vettvangi,“ segir Sigurður Helgi Oddsson um tónleika sína og Unnar Helgu Möller sópransöngkonu í Hannesarholti við Grundarstíg 10 í kvöld. Þar frumflytja þau einsöngslög eftir Sigurð Helga við ljóð Hannesar Pétursonar, Erlu og fleiri íslensk ljóðskáld. Tónskáldið verður á píanóinu.

Sigurður Helgi er hálfur Húnvetningur og hálfur Akureyringur en býr nú í Reykjavík og starfar við undirleik, kórstjórn og kennslu, auk tónsmíðanna. „Ég tel mig hafa erft músíkina frá ömmu á Hvammstanga og hennar fjölskyldu,“ segir Sigurður Helgi sem, eftir nám við tónlistarskóla Akureyrar, hélt út til Boston að læra píanóleik, hljómsveitarstjórn og kvikmyndatónsmíðar.

Í sköpuninni kveðst hann sækja í heimspekilegar hugmyndir um lífið og tilveruna, veruleikann og listina, sálina, sjálfið og alheiminn. „Tónlistin er mjög persónuleg og þetta er í fyrsta skipti sem fólk fær að kynnast mínum innstu sálarstrengjum,“ segir hann.

> Ég tel mig hafa erft músíkina frá ömmu á Hvammstanga og hennar fjölskyldu.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20. Þeir verða endurteknir í Akureyrarkirkju á laugardaginn. „Unnur Helga er Akureyringur og Akureyri er minn annar heimastaður. Því vildum við drífa okkur norður sem fyrst,“ segir Sigurður Helgi til skýringar.

gun@frettabladid.is



Sigurður Helgi og Unnur Helga frumflytja í kvöld lög sem samin eru við ljóð þjóðskálda.

---



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Jósefsson**
frá Torfufelli,

sem lést 8. september sl. verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 23. september klukkan 13.30.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Sigurðardóttir** | **Loftur Sigvaldason** |
| | **Soffía Árnadóttir** |
| **Árni Sigurðsson** | **Björg Brynjólfsdóttir** |
| **Jón Hlynur Sigurðsson** | **Sigríður Steinbjörnsdóttir** |
| **Bjarney Sigurðardóttir** | **Pétur H. Ágústsson** |
| **Sigrún Lilja Sigurðardóttir** | **Einar Svanbergsson** |
| **Hólmfríður Sigurðardóttir** | **Haukur Tryggvason** |
| **Sigurður Torfi Sigurðsson** | **Ragnhildur Sigurðardóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,

**Hilmar Símonarson**
málarameistari,

lést þann 15. september á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Breiðholtskirkju 23. september klukkan 13.00.

| | |
|---|---|
| **Pálína Imsland** | |
| **Thorvald Imsland** | **Joanna Kurpiewska** |
| **Guðrún Sigríður Hilmarsdóttir** | **Haukur Guðjónsson** |
| **Helga Eygló Hilmarsdóttir** | **Hreinn Óskarsson** |
| **Hildur Hilmarsdóttir** | **Ingi Þór Oddsson** |
| **Lars Jóhann Imsland** | **Ósk Guðmundsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór Jóhannes Guðfinnsson**
frá Odda, Borgarfirði eystra,

lést á hjúkrunarheimilinu Nesvöllum 12. september. Útförin fer fram frá Útskálakirkju föstudaginn 23. september kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Sigríður Björg Halldórsdóttir** | **Jón Hjálmarsson** |
| **Árni Þór Halldórsson** | |
| **Jón Már Halldórsson** | **Kristín Jónsdóttir** |
| **Karl Vilhelm Halldórsson** | **Ásgerður Þorsteinsdóttir** |
| **Inga Dóra Halldórsdóttir** | |

**og afabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn Vilmundardóttir**
áður til heimilis að Réttarholtsvegi 33,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði 13. september. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 22. september klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Unnar Jónsson**
**Stefán H. Jónsson**
**Vilmundur Jónsson**
**Jórunn Jónsdóttir**
**Gunnar V. Jónsson**
**Þórir Jónsson**
**tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.**

---



†

**Karen Munch**
(f. 19. apr. '24)

lést 1. júlí síðastliðinn. Duftkerið verður jarðsett við leiði eiginmanns hennar, Karls Roberts Karlssonar (f. 16. sept. '23), í Garðakirkjugarði, Álftanesi, föstudaginn 23. september kl. 14.00. Fjölskylda og vinir eru velkomin.

**Björn Karlsson og Gunnhildur Kofod**
**Bornholm, Danmark**

---



†

Okkar elskulegi

**Þorleifur Njáll Ingólfsson**
Tröllaborgum 5,

er látinn.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigrún Ásgeirsdóttir**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Hulda Filippusdóttir**

lést á Grund, deild A2, við Hringbraut 50 síðastliðinn fimmtudag, 15. september.

| | |
|---|---|
| **Jóhanna Vigfúsdóttir** | **Þorbjörn Björnsson** |
| **Ásgerður Vigfúsdóttir** | **Fjölnir Ernis Sigvaldason** |
| **Aðalbjörg Vigfúsdóttir** | **Janus Þór Valdimarsson** |

**og barnabörn.**

---



†

Ástkær maðurinn minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**Vilhelm Heiðar Lúðvíksson**
lyfsali,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 15. september. Jarðarför verður frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 21. september kl. 13.

**Kristjana J. Richter**

| | |
|---|---|
| **Hrönn Vilhelmsdóttir** | **Þórólfur Antonsson** |
| **Lúðvík Vilhelmsson** | **Kristín Gunnarsdóttir** |
| **Björk Vilhelmsdóttir** | **Sveinn Rúnar Hauksson** |
| **Jón Páll Vilhelmsson** | **Dóra Þórdís Albertsdóttir** |
| **Ásmundur Vilhelmsson** | **Svanhvít Sveinsdóttir** |

**barnabörn og aðrir ástvinir.**

---



†

Útför elskaðs eiginmanns og fjölskylduföður,

**Árna Pálssonar**
fyrrverandi sóknarprests,

fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 22. september kl. 15. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjálparstarf kirkjunnar.

**Rósa Björk Þorbjarnardóttir**

| | |
|---|---|
| **Þorbjörn Hlynur Árnason** | **Anna Guðmundsdóttir** |
| **Þórólfur Árnason** | **Margrét Baldursdóttir** |
| **Anna Katrín Árnadóttir** | |
| **Árni Páll Árnason** | **Sigrún Björg Eyjólfsdóttir** |

**barnabörn og langafadrengir.**

---



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðmunda Kr. Jónsdóttir**
frá Vorsabæjarhóli, síðar til heimilis að Grænumörk 5, Selfossi,

lést fimmtudaginn 8. september. Útför hennar fer fram frá Gaulverjabæjarkirkju föstudaginn 23. september kl. 14.

| | |
|---|---|
| **Svala H. Steingrímsdóttir** | |
| **Helga Ívarsdóttir** | |
| **Markús Kr. Ívarsson** | |
| **Jón M. Ívarsson** | |
| **Jason Ívarsson** | **Hulda Sváfnisdóttir** |
| **Margrét Ó. Ívarsdóttir** | |
| **Áslaug Ívarsdóttir** | **Pálmi Vilhjálmsson** |
| **Ingibjörg Ívarsdóttir** | |

**og aðrir aðstandendur.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Guðnason**
málarameistari, Hringbraut 46, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 11. september síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 22. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Keflavíkurkirkju, kt. 680169-5789, reikn. 0121-15-350005.

**Harpa Þorvaldsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Björk Birgisdóttir** | **Guðni Vignir Sveinsson** |
| **Sóley Birgisdóttir** | **Ingólfur H. Matthíasson** |
| **Börkur Birgisson** | **Hafdís Hafsteinsdóttir** |
| **Ösp Birgisdóttir** | **Rúnar Ingi Hannah** |
| **Burkni Birgisson** | **Rakel Lind Hauksdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

# SPRENGI VIKA

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.




**20% afsláttur** af **ALLRI** innimálningu

**ÖLL** blöndunartæki á **25% afslætti** / **ÖLL** blöndunartæki á **25% afslætti** / **ÖLL** blöndunartæki á **25% afslætti**

**25% afsláttur**
SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA
**13.345 kr**
~~17.795~~ kr
**Blöndunartæki**
Eden einnarhandar eldhústæki.
7900023

**25% afsláttur**
SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA
**9.664 kr**
~~11.595~~ kr
**Handlaugartæki**
Pine.
8000033

**25% afsláttur**
EMMEVI
SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA
**13.345 kr**
~~17.795~~ kr
**Sturtutæki**
Hitastýrt.
7900032

**25% afsláttur**
damixa
SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA
**21.219 kr**
~~28.295~~ kr
**Blöndunartæki**
TMC og sturtusett frá Damixa.
8000586

**25% afsláttur** af **ÖLLUM** blöndunartækjum



**ERIKUR**
Veljið sjálf 3 stk.
**999**
~~1.797~~

**ORKIDEA**
2ja greina
**1.990**
~~2.990~~

blómaval

**HAUST-LAUKAR**
MAGNPAKKNINGAR
**1.499**
~~1.890~~

50 túlipanar, 50 krókusar eða 2 kg páskaliljur

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS






**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Vaxandi norðaustanátt í dag og fer að rigna, allhvasst eða hvasst seinni partinn og mikil úrkoma á Suðausturlandi. Milt í veðri.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 5° | 7° |
| ↖9 | ↙11 | ↑13 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 9° | 3° |
| ↖13 | ↑10 | ↑20 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 5° | 7° |
| ↖7 | ←3 | ↑3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 7° | 8° | 2° |
| ↑3 | ←5 | ↑9 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. þvogl
6. í röð
8. hamfletta
9. að
11. mannþyrping
12. yfirstéttar
14. létt hlaup
16. stefna
17. útsæði
18. frestur
20. bardagi
21. innyfla

**LÓÐRÉTT**
1. hnoða
3. frá
4. ofbjóða
5. læsing
7. kynding
10. rúm ábreiða
13. mærð
15. fögnuður
16. utanhúss
19. skst.




**LAUSN**

**LÁRÉTT**: 2. babl, 6. lm, 8. flá, 9. til, 11. ös, 12. aðals, 14. skokk, 16. út, 17. fræ, 18. töf, 20. at, 21. iðra.
**LÓÐRÉTT**: 1. elta, 3. af, 4. blöskra, 5. lás, 7. miðstöð, 10. lak, 13. lof, 15. kæti, 16. úti, 19. fr.

### Skák Gunnar Björnsson

Hector átti leik gegn Nielsen í Danmörku árið 1991.

**Hvítur á leik**



**1. Re6! De5** (1. ... Dxe7 2 Dg7# og 1. ... fxe6 2. Dg7#) **2. Rxf8! Dxe7 3. Dxh7+ Kxf8 4. Dh8# 1-0.** Meistaramóti Hugins lauk í gær með öruggum sigri Davíðs Kjartanssonar. Sævar Bjarnason og Jón Trausti Harðarson urðu í 2.-3. sæti.
**www.skak.is:** Aðalfundur Hugins í kvöld.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
**Barmahlíð 46 - 4ra herbergja neðri sérhæð.**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Björt og falleg 97,4 fm. neðri sérhæð auk tveggja geymslna 3,4 fm og 15,8 fm í Hlíðunum. Búið er að endurnýja m.a. baðherbergi, gólfefni og raflagnir ásamt þaki og þakkanti. Svalir til suðurs út af borðstofu. Tvö herbergi. **Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu og skóla á ýmsum stigum. Verð 44,9 millj. Verið velkomin.**

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 2 | 5 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 3 |
| 2 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 4 | 1 | 2 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 1 | 8 | 4 | 7 | 6 |
| 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 4 | 3 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 | 1 | 5 | 9 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 7 |
| 7 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 |
| 5 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 7 | 6 | 1 | 2 | 4 | 8 |
| 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 | 6 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SAMBÍÓIN SAMbio.is
TOM HANKS
VARIETY HOLLYWOOD REPORTER
SEATTLE TIMES CHICAGO SUN-TIMES
Nýjasta stórmynd Clint Eastwood
SULLY
INDIEWIRE
BLAIR WITCH
THERE'S SOMETHING EVIL HIDING IN THE WOODS
Jason Statham er grjótharður í þessari mögnuðu spennumynd
MECHANIC RESURRECTION
WAR DOGS
VARIETY
Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna
HOLLYWOOD REPORTER
Sýnd með íslensku tali
CRUSOE
KUBO
Mynd fyrir alla fjölskylduna
ROGEREBERT.COM
BEN-HUR
SUICIDE SQUAD
Stærsta mynd ársins

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| SULLY VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BLAIR WITCH | KL. 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 - 10:10 |
| KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR ÍSLTAL | KL. 5:40 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI** | |
| SULLY | KL. 6:50 - 8 - 9 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:30 - 11:10 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |
| BEN-HUR | KL. 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| SULLY | KL. 8 |
| BLAIR WITCH | KL. 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:30 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BLAIR WITCH | KL. 10:30 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
tiff.
- HS, MORGUNBLAÐIÐ - KK, DV
BALTASAR KORMÁK
EIÐURINN
87% - ROTTENTOMATOES - GUARDIAN
DON'T BREATHE
michael bublé
HÁSKÓLABÍÓI 25. SEPTEMBER FORSALA HAFIN
FORELDRABÍÓ
KL. 12 Á FÖSTUDAGINN Í SMÁRABÍÓI
COSI FAN TUTTI
17. október í Háskólabíói
PARTY LIKE A MOTHER
BAD MOMS
KUBO
THE SHALLOWS
Þétt og örugg uppbygging, flottur hákarlatryllir
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
EIÐURINN
BLAIR WITCH
KUBO

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| EIÐURINN | 5:30, 8, 9, 10:30 |
| BLAIR WITCH | 10:20 |
| KUBO 2D ÍSL.TAL | 5:30 |
| HELL OR HIGH WATER | 6 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**21. SEPTEMBER 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Krakk & Spaghettí, asdfhg & Birth Ctrl
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Þennan fína miðvikudag verður skemmtunin ekki af verri endanum en hljómsveitirnar Krakk & Spaghettí, asdfhg. og Birth Ctrl munu leika fyrir dansi. Ekki láta ykkur vanta!

**Hvað?** Kex+Kítón # 5 – Cyber & Trilogia
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hostel
Fimmtu tónleikarnir í tónleikaröðinni KEX+KÍTÓN í samstarfi við Arion banka verða haldnir á KEX Hosteli í kvöld þar sem fram koma Cyber og Trilogia. Tónleikarnir fara fram í Gym & Tonic.

**Hvað?** Sigurður Helgi Oddsson, tónskáld og píanóleikari.
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Sigurður Helgi Oddsson, tónskáld og píanóleikari, frumflytur ný einsöngslög sín ásamt sópransöngkonunni Unni Helgu Möller. Lögin eru samin við ljóð Hannesar Péturssonar, Erlu skáldkonu og fleiri íslenskra ljóðskálda. Allir hjartanlega velkomnir. Miðaverð 2.000 krónur

**Hvað:** Miðvikudjass á Sæta svíninu – Gastropub
**Hvenær:** 21.00
**Hvar:** Sæta svínið – Gastropub, Hafnarstræti
Tríóið After Hours spilar lifandi djass á Sæta svíninu í kvöld. After Hours skipa Erla Stefánsdóttir söngkona, Sigmar Þór Matthíasson á bassa og Ásgeir Ásgeirsson á gítar.



Danssýning eftir gríska danshöfundinn Athanasia Kanellopoulou í Tjarnarbíói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hljómsveitin Skítamórall spilar í Græna herberginu í kvöld.

**Hvað?** Skítamórall
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Einstakt tækifæri til að sjá Skítamóral órafmagnaðan. Það er óhætt að segja að Skítamórall sé ein vinsælasta hljómsveit sem Selfoss hefur alið af sér og þó víðar væri leitað. Þessir strákar hafa skemmt landanum jafn lengi og tölvur fóru að vera sjálfsagður hlutur á öllum heimilum. Manni finnst þeir þó ekki hafa elst mikið nema að maður standi mjög nálægt þeim. Takmarkað magn sæta í boði. Þetta er kvöld sem þú mátt ekki missa af.

## Fundir

**Hvað?** Viðhorf ferðamanna til virkjana og raflína
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Askja, stofa 129
Þorkell Stefánsson flytur fyrirlestur um verkefni sitt til meistaraprófs í ferðamálafræði. Heiti verkefnisins er Viðhorf ferðamanna til virkjana og raflína. Undanfarin ár hefur mikilvægi orkuvinnslu og ferðaþjónustu fyrir íslenskt hagkerfi farið vaxandi. Báðar þessar atvinnugreinar byggja á nýtingu náttúruauðlinda til verðmætasköpunar. En geta þessar tvær tegundir auðlindanýtingar farið saman án þess að til hagsmunaárekstra komi? Í þessari rannsókn, sem beinir sjónum að viðhorfum ferðamanna til virkjana og raflína, er leitað svara við þessari spurningu. Allir velkomnir.

**Hvað?** Rupture Persephone
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Danssýning eftir gríska danshöfundinn Athanasia Kanellopoulou: Verkið er sólóverk höfundar unnið í samvinnu við Ramallah Contemporary Dance Festival 2015 í Palestínu, þar sem hún fjallar um aðskilnað, nauðungarútlegð, kúgun o.fl. Miðaverð 2.500 kr.

## Uppákomur

**Hvað?** Heimspekikaffi | Friðarmenning og fréttir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið | Menningarhús, Gerðubergi
Vald fjölmiðla er víðtækt, efni þeirra og framsetning hefur óumdeilanleg áhrif á skoðanir fólks og hegðun stjórnvalda. Umfjöllun fjölmiðla á Vesturlöndum um átök opinberar ólíkar aðferðir í starfi stríðs- og friðarfréttaritara og efi vaknar um aðferðir við að segja daglegar fréttir. Gunnar Hersveinn, rithöfundur og heimspekingur, segir m.a. frá muninum á hefðbundnu vopnahléi, sem oft er talið lausn, og friðarmenningu og Birta Björnsdóttir blaðamaður veitir innsýn í aðferðir fréttamiðla, ábyrgð þeirra og gerir grein fyrir reynslu sinni af fréttaskrifum um átök sem standa yfir um þessar mundir. Hvernig er best að segja fréttina? Allir velkomnir.

**Hvað?** SmallTalks | Á bak við tjöldin með Gagarín
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Gagarín, sem er einstakt fyrirtæki á Íslandi og hefur unnið til margra verðlauna og hlotið alþjóðlegar viðurkenningar, hefur spennandi vetur á SmallTalks, fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Á undanförnum árum hefur fyrirtækið Gagarín haslað sér völl á sviði upplifunarhönnunar og miðlunar á gagnvirku efni fyrir sýningar og söfn. Rauði þráðurinn í verkum Gagaríns er gagnvirk miðlun sem stuðlar að þátttöku gesta með það að markmiði að dýpka skilning og skapa eftirminnilega upplifun. Frítt inn og allir velkomnir!

**Hvað?** Aukanámskeið um lífrænar varnir í heimilisgarðinum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Vegna mikils áhuga munu Garðyrkjufélag Íslands, stofnað 1885, Grasagarður Reykjavíkur og Landbúnaðarháskóli Íslands standa fyrir aukanámskeiði.

## Uppistand

**Hvað?** HAHA voða fyndið – grínkvöldið mikla
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Margir grínistar koma saman í kvöld þar sem gleðin mun ráða ríkjum. Kynnir kvöldsins er Steiney og fram koma: Ari Eldjárn, Dóri DNA, Andri Ívars, Jónathan Duffy, Jóhannes Ingi Torfason og Snjólaug Lúðvíksdóttir. Miðaverð: 2.500 kr.

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Neon Demon | 17:30, 20:00, 22:30 |
| Viva ENG SUB | 18:00 |
| Draumalandið / Dreamland ENG SUB | 18:00 |
| Yarn ENG SUB | 20:00 |
| Hross Í Oss / Of Horses and men ENG SUB | 20:00 |
| Me Before You | 22:00 |
| 101 Reykjavík ENG SUB | 22:00 |

THE NEON DEMON
YARN





MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365





**SENDIRÁÐ ÍSLANDS**
Vandaðir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar þar sem hann fer víða um heiminn og skoðar sendiráð Íslands á hverjum stað. Í þessum þætti heimsækir hann Gunnar Snorra Gunnarsson, fjölskyldu hans og starfsfólk í Berlín.

LOKAÞÁTTUR

**MISTRESSES**
Stórskemmtilegur þáttur um fjórar vinkonur og flókin samskipti þeirra við hitt kynið þar sem ástamálin ganga ekki alltaf eins og í sögu.



**BONES**
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.



**THE BOOK THIEF**
Áhrifamikil mynd sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og segir frá þegar ung stúlka er tekin í fóstur af Hubermann-hjónunum.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go!
**07.50** Mindy Project
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi
**11.10** Anger Management
**11.30** Schitt's Creek
**11.55** Dallas
**12.35** Nágrannar
**13.00** Matargleði Evu
**13.25** Who Gets the Last Laugh
**13.50** Lóa Pind. Battlað í borginni
**14.30** Mayday
**15.15** Ghetto betur
**16.05** Mr. Selfridge
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mom
**19.45** The Mindy Project
**20.10** Sendiráð Íslands Vandaðir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar. Sendiráð Íslands eru yfir tuttugu talsins en við förum í níu þeirra víðs vegar um heiminn og kynnumst sendiráðunum sjálfum, ólíkum áherslum þeirra, sjáum glæsilega sendiherrabústaðina. Kynnumst sendiherrunum, mökum þeirra sem og starfsfólki sendiráðanna og óvenjulegu lífi þeirra.
**20.35** Mistresses
**21.20** Bones Ellefta syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
**22.05** Getting On
**22.35** Real Time with Bill Maher Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundu með hinum ólíkustu gestum.
**23.35** NCIS
**00.20** Tyrant
**01.10** Ballers
**01.40** Stalker
**02.25** Mad Dogs
**03.20** Shameless
**04.15** Shameless
**05.10** Married

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Þýski boltinn
**08.40** League Cup
**10.20** Premier League
**12.10** Premier League Review
**13.05** Spænski boltinn
**14.50** Spænsku mörkin
**15.20** Þýski boltinn
**17.00** League Cup
**18.40** League Cup
**20.45** Any Given Wednesday
**21.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**21.40** Spænski boltinn
**23.20** Spænski boltinn
**01.00** Þýski boltinn

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.25** Premier
**11.10** Premier
**12.50** Premier
**14.30** Þýsku mörkin
**15.00** Pepsi
**16.50** Pepsi
**18.40** League Cup
**20.45** Messan
**22.10** Pepsi-mörkin
**23.45** League Cup

## STÖÐ 3

**17.45** Raising Hope
**18.05** The Big Bang Theory
**18.25** Modern Family
**18.50** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Dagvaktin
**20.25** Neyðarlínan
**20.55** Legends of Tomorrow
**21.40** The Vampire Diaries
**22.25** True Detective
**23.25** Drop Dead Diva
**00.05** Fóstbræður
**00.40** Entourage
**01.10** Dagvaktin
**01.35** Neyðarlínan
**02.05** Legends of Tomorrow
**02.45** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Gulla og grænjaxlarnir
**08.37** Stóri og Litli
**08.49** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Latibær
**09.25** Brunabílarnir
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Gulla og grænjaxlarnir
**12.37** Stóri og Litli
**12.49** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Latibær
**13.25** Brunabílarnir
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Gulla og grænjaxlarnir
**16.37** Stóri og Litli
**16.49** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Latibær
**17.25** Brunabílarnir
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ljóti andarunginn og ég



Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Golfing World
**09.50** BMW Championship
**12.50** PGA Tour
**13.45** Golfing World
**14.35** Champions Tour Highlights
**15.30** 2016 Players Official Film
**16.25** Golfing World
**17.15** Champions Tour Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** The Nutty Professor
**12.45** Beyond the Lights
**14.40** Shallow Hal
**16.35** The Nutty Professor
**18.10** Beyond the Lights
**20.05** Shallow Hal Gamanmynd, uppfull af rómantík og dramatík. Hal Larson er vel uppalinn og fylgir ráðum föður síns og fer bara á stefnumót með gullfallegum konum. Dag einn hittir hann andlegan leiðtoga og er dáleiddur.
**22.00** The Book Thief Áhrifamikil mynd frá 2013 sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geofrey Rush og Emily Watson í aðalhlutverki. Sagan hefst í bæ einum í Þýskalandi við upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari og segir frá því þegar hin unga Liesel kemur í fóstur til Hubermann-hjónanna eftir að móðir hennar getur ekki lengur séð henni farborða. Liesel er þjökuð af söknuði eftir móður sinni og sorg vegna dauða bróður síns og til að hjálpa henni að komast yfir það versta byrjar Hans Hubermann að segja henni sögur á kvöldin og kennir henni um leið að lesa.
**00.10** From Paris with Love
**01.45** Curse of Chucky
**03.25** The Book Thief

## RÚV

**17.20** Framandi og freistandi
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** Disneystundin
**18.01** Finni kostur
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Genabreytingar
**21.00** Lukka
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Popp- og rokksaga Íslands
**23.20** Skylduverk
**00.20** Kastljós
**00.45** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Black-ish
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** The Odd Couple
**13.55** Crazy Ex-Girlfriend
**14.40** 90210
**15.25** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
**15.50** Girlfriends' Guide to Divorce
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Odd Mom Out
**20.15** Survivor
**21.00** Heartbeat
**21.45** Queen of the South
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Jericho
**00.35** Sex & the City
**01.00** BrainDead
**01.45** Zoo
**02.30** Heartbeat
**03.15** Queen of the South
**04.00** The Tonight Show
**04.40** The Late Late Show
**05.20** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**SYNC** *samskiptakerfi með*
***Bluetooth*** *og* ***neyðarhringingu***
*er nú staðalbúnaður*



# NÝR FORD FIESTA

› Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Þar á meðal er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.740.000** KR.

ford.is

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsætum og 4,2" TFT upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Fjöldamorð Íslendinga

Heimildarmyndin Baskavígin verður heimsfrumsýnd í Bilbaó á Spáni í dag. Hún fjallar um einu fjöldamorðin sem Íslendingar hafa framið.



Baskarnir misstu skipin í ís á sínum tíma, því voru teknar upp senur við ósa Jökulsár á Breiðamerkursandi. MYND/WWW.SEYLAN.IS

Mörg sviðssett atriði voru tekin hér á landi fyrir heimildarmyndina Baskavígin sem frumsýnd er í dag á kvikmyndahátíðinni í Bilbaó á Spáni. Enda gerðust þeir atburðir hér sem myndin fjallar um, það er að segja víg baskneskra skipbrotsmanna á Vestfjörðum haustið 1615.

„Það var filmað á ellefu stöðum og verkefnið tókst mjög vel,“ segir Hjálmtýr Heiðdal í kvikmyndagerðinni Seylu sem er meðframleiðandi myndarinnar með Old Port Films í Bilbaó. Hann segir fimm áhugaleikara í veigamiklum hlutverkum Jóns lærða, Sigríðar konu hans, Ara í Ögri, séra Jóns Grímssonar í Árnesi og Gunnsteins Grímssonar í Dynjanda. Auk þess bregði 120 íslenskum aukaleikurum fyrir. „Við þurftum 40 manns við Jökulsárlón og annan eins hóp norður í Bjarnarfirði. Svo vantaði statista til að leika Baska og við vorum með góðan hóp af Spánverjum sem eru búsettir hér,“ lýsir hann.

**VIÐ ÞURFTUM 40 MANNS VIÐ JÖKULSÁRLÓN OG ANNAN EINS HÓP NORÐUR Í BJARNARFIRÐI. SVO VANTAÐI STATISTA TIL AÐ LEIKA BASKA OG VIÐ VORUM MEÐ GÓÐAN HÓP AF SPÁNVERJUM SEM ERU BÚSETTIR HÉR**



Hjálmtýr Heiðdal verður viðstaddur frumsýninguna í Bilbaó, þar sem myndin keppir til verðlauna.

Hilmar Örn Hilmarsson samdi tónlistina í myndinni sem er á fjórum tungumálum, á baskamálinu euskeru, ensku, spænsku og íslensku. Enska útgáfan verður sýnd á Riff og íslenska útgáfan frumsýnd í nóvember í Bíói Paradís. – gun




# Ekki lengur Brangelina

Stjörnuparið **Brad Pitt** og **Angelina Jolie** er að skilja og Fréttablaðið hefur því ákveðið að skoða ástamál þeirra beggja, upphaf og endi sambands þeirra og allt þar á milli.

## Angelina Jolie:

Gift frá 1996 til 1999:



Jonny Lee Miller

1996 til sirka 2004:



Jenny Shimizu og Angelina áttu í ástarsambandi í nokkur ár

2000 til maí 2003:



Billy Bob Thornton og Angelina voru gift og vinsæl hjá pressunni



Angelina Jolie & Brad Pitt

Saman frá 2005 og gift frá 2014 til 2016

## Brad Pitt:

Frá 1980 til 1990 var Brad Pitt með nokkrum leikkonum, þ.á m. Juliette Lewis



Juliette Lewis

1994 til 1997:



Gwyneth Paltrow var trúlofuð Brad Pitt

Saman frá 1998 og gift frá 2000 til 2005:



Jennifer Aniston







BAÐSLOPPAR

| | Stærð | Litur | Fullt verð | Tilboð |
|---|---|---|---|---|
| Lúxus baðsloppur | 2 stærðir | Hvítur | 9.900 kr. | 6.900 kr. |
| SPA baðsloppur | 3 stærðir | Hvítur | 5.900 kr. | 3.900 kr. |

SPA

handklæði, þvottapokar, þvottastykki og baðmottur

20% AFSLÁTTUR

Okkar frábæru SPA handklæði eru ofin úr **100% tyrkneskri** bómull. Sérstök aðferð við gerð handklæðanna gerir það að verkum að þau þerra einstaklega vel og veita þér þá mýkt sem þú átt skilið.

| Gerð | Stærð | Litir | Fullt verð | Tilboð |
|---|---|---|---|---|
| Spa þvottapoki | 15x21 | 5 litir | 195 kr. | 156 kr. |
| Spa þvottastykki | 30x30 | 5 litir | 195 kr. | 156 kr. |
| Spa handklæði | 40x60 | 5 litir | 595 kr. | 476 kr. |
| Spa handklæði | 50x100 | 5 litir | 895 kr. | 716 kr. |
| Spa handklæði | 70x140 | 5 litir | 1.695 kr. | 1.356 kr. |
| Spa handklæði | 90x170 | 5 litir | 2.795 kr. | 2.236 kr. |
| Spa baðmotta | 50x70 | 5 litir | 990 kr. | 792 kr. |

Holtagörðum, 512 6800
Smáratorgi, 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími sjá www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast



ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
Download on the App Store · Google Play · Get it from Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft




Það er nóg um að vera hjá Jóni þessa dagana en hann er að leggja lokahönd á tónlistarhátíðina Gleðileg Jón. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heldur tónlistarhátíð til heiðurs sér sjálfum

**Jón Már Ásbjörnsson** fagnar 25 ára afmæli sínu á óhefðbundinn hátt. Hann er búinn að bóka fjórtán hljómsveitir til þess að spila á sinni eigin tónlistarhátíð. Skipulagning hefur staðið yfir frá því í júlí.

Venja er að fólk haldi heljarinnar veislur til þess að fagna tímamótum líkt og stórafmælum en það eru fáir sem ganga jafn langt og Jón Már Ásbjörnsson. Hann hefur ákveðið að halda heila tónlistarhátíð í tilefni 25 ára afmælisins þann 24. september næstkomandi sem ber heitið Gleðileg Jón. Alls er hann búinn að bóka fjórtán hljómsveitir sem munu spila á Dillon frá klukkan fjögur um daginn til miðnættis.

En hvað er það sem fékk hann til þess að slá til og skipuleggja þessa heljarinnar veislu? „Ég hef verið að spila mikið á tónleikum þar sem ég er í nokkrum hljómsveitum. Mig hefur alltaf langað til þess að vera gaurinn í crowd-inu sem öll böndin skála fyrir. Þá hugsaði ég bara að það er enginn að fara að gera þetta fyrir mig nema ég sjálfur. Skipulagningin byrjaði og þá fór boltinn bara að rúlla.“

**MIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ TIL ÞESS AÐ VERA GAURINN Í CROWD-INU SEM ÖLL BÖNDIN SKÁLA FYRIR. ÞÁ HUGSAÐI ÉG BARA AÐ ÞAÐ ER ENGINN AÐ FARA AÐ GERA ÞETTA FYRIR MIG NEMA ÉG SJÁLFUR.**

Allir eru velkomnir á hátíðina sem verður haldin á Dillon en Jón á von á því að húsið fyllist enda margar af bestu sveitum senunnar að fara að koma fram. „Ég þekki allavega einn í hverri hljómsveit sem er að spila og í sumum þekki ég alla. Þær eru allar að gera þetta frítt og svo ætlar Krummi á Dillon að gefa mér leiguna og vinnuna sína frítt. Ég er að vísu búinn að tala við kokk til þess að koma og elda ofan í hljómsveitirnar og er að vinna í því að fá fría drykki fyrir þau. Ef ég fæ engan styrk þá kaupi ég þetta bara.“

Hugmyndin hjá Jóni kviknaði í júní en hann er búinn að vera að vinna að tónlistarhátíðinni frá því að hann spilaði á Eistnaflugi. „Það verður eitthvað fyrir alla. Þetta byrjar á þægilegri tónlist og svo verður boðið upp á hiphop, indie og folk, uppistand og svo fer þetta stigvaxandi upp í argasta þungarokk. Ég ætla að spila með fyrstu og seinustu hljómsveitinni svo að ég opna og loka hátíðinni.“

Það er mikil spenna í loftinu fyrir afmælinu en undirbúningurinn gengur eins og í sögu. „Vinir mínir eru að sjá um skipulagninguna með mér og Krummi á Dillon er búinn að vera sjúklega næs. Svo eru allar hljómsveitirnar búnar að vera ótrúlega þægilegar með þetta. Þetta verður átta tíma veisla en ég er ekki að ætlast til að allir verði allan tímann.“

Hljómsveitirnar sem koma fram eru Four Leaves Left, Finnbogi Örn, Snowed In, Churchhouse Creepers, Rythmatik, Andri Ívarsson, Yolo Swaggins And The Fellatio of the Bling, Panos from Komodo, In the Company of Men, Pink Street Boys, Mannveira, Great Grief, Misþyrming og Damagés. **gunnhildur@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


SUBWAY™
Stjörnudagar
pepsi
12 tommu bátur og
miðstærð af gosi
1099 kr.
Gildir frá 21.-27. september
Tilboð þetta gildir aðeins á bátum af matseðli og gosi úr vél. Greiða þarf aukalega fyrir allt auka álegg.
Gildir á meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir 21-27. september 2016.
Doctor´s Associates Inc. SUBWAY® er skráð vörumerki Doctor´s Associates Inc.

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Jónu Hrannar Bolladóttur



# Húðflúr og fordómar

Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig fólki dettur í hug með miklum sársauka að láta teikna hinar ýmsu myndir á líkama sinn sem fylgja því ævilangt. Ég hef þurft að berjast við fordóma í þessu samhengi. Ég fékk þá vitneskju ung að sjómenn hefðu hér áður fengið sér húðflúr í siglingum til þess að tryggja það að ef þeir drukknuðu og ræki á land væri hægt að þekkja þá á húðflúrinu. Það er grjóthörð skynsemi því ekkert er eins erfitt og að missa ástvin og hvað þá að geta ekki fylgt honum til grafar og eiga minningarreit í kirkjugarðinum.

Ég hef velt því fyrir mér hvað gerist þegar húðflúr eldast og húðin fer að krumpast. Einn vinur minn benti mér þá á að það væri miklu áhugaverðara að sjá heilu hjúkrunarheimilin af fallega skreyttum öldungum. Ég man eftir að sjá ungan mann í sundi og á baki hans blasti við mér andlit Jesú Krists með þyrnikórónuna. Ég hef tekið eftir því að lífsskoðanir fólks eru oft skráðar með þessum hætti. Einn góður tónlistarmaður sagði við mig að margir litu á húðflúr sem pönk og það væri mörgum eðlilegt að pönkast.

En svo kom að því að skilningur minn á húðflúri náði á einhvern hátt í gegn. Góð vinkona mín missti manninn sinn í skyndidauða í blóma lífsins. Hún tók þá ákvörðun stuttu eftir dauða hans að láta húðflúra nafnið hans með hans handskrift innan á handlegg sinn. Þannig að alltaf þegar við tökumst í hendur er ég minnt á það að hann tilheyrði lífi hennar og gerir það til enda í gegnum minningarnar. Þessi úrvinnsla finnst mér í raun mögnuð og minnir mig á hvað fólk er skapandi þegar það ákveður að lifa í ljósi reynslunnar, frekar en í skugga hennar.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

SAMFÉLAGSBANKI
xT
ENGIN VERÐTRYGGING!
ARÐURINN TIL SAMFÉLAGSINS
DÖGUN
XDOGUN.IS

VETRAR GAMAN
Með Gaman Ferðum!




Aðventuferð til Berlínar
Verð frá: 78.900 kr.
Berlín er dásamleg borg og einstök upplifun á aðventunni. Borgin er fallega skreytt og jólamarkaðir eru um alla borg. Ferðatímabil: 1.-4. des. & 8.-11. des. 2016.

Julefrokost í Köben
Verð frá: 69.900 kr.
Danir eru frægir fyrir Julefrokost matinn og Íslendingar einfaldlega elska Kaupmannahöfn. Ferðatímabil: 18.-20. nóv., 25.-27. nóv, 2.-4. des og 9.-11. des. 2016.

Jólastemming í Dublin
Verð frá: 69.900 kr.
Dublin er alltaf jafn vinsæl að heimsækja og tilvalið að gera jólainnkaupin í ekta írskri stemmingu. Ferðatímabil: 24.-27. nóv. og 1.-4. des. 2016.




Hótel Der Waldhof
Zell am See
Verð frá: 136.900 kr.
Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára) Ferðatímabil: 14.- 21 janúar 2017. Hálft fæði innifalið.

Adeo Alpin
St Johann
Verð frá: 110.500 kr.
Verð miðað við 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára) Ferðatímabil: 7.- 14. janúar 2017.

Aparthotel Bellevue
Bad Gastein
Verð frá: 147.500 kr.
Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára) Ferðatímabil: 21.- 28. janúar 2017. Morgunverður innifalinn.

Gaman Ferðir fljúga með WOW air / www.gaman.is / gaman@gaman.is / S: 560 2000
Gaman Ferðir